

Bogi Ragnarsson
Helgi Gunnlaugsson

Menntun, menntunarbakgrunnur og námsáhugi íslenskra fanga

Könnun gerð að tilhlutan menntamálaráðuneytis og dóms- og
kirkjumálaráðuneytis í samvinnu við Fangelsismálastofnun ríkisins

Mars 2007

Félagsvísindadeild
Háskóla Íslands

Samandregnar niðurstöður:

- Niðurstöðurnar greina frá útkomu úr spurningalistakönnun sem lögð var fyrir alla þá sem sátu í íslenskum fangelsum dagana 10. október til 2. nóvember 2006 og voru orðnir 18 ára eða eldri. Samtals 78 einstaklingar svöruðu listanum af 119 sem afplánuðu í fangelsi á þessum tíma eða um 66%. Tvær konur svöruðu listanum og sex einstaklingar af erlendu bergi brotnir.
- Alls 12 sögðust ekki hafa lokið neinu námi og 16 til viðbótar sögðust ekki hafa náð að ljúka 10. bekk grunnskólans. Meira en þriðjungur allra þeirra sem svöruðu listanum sögðust því ekki hafa lokið grunnskólaprófi. Til viðbótar höfðu alls 14 lokið grunnskóla, gagnfræðaskóla eða landsprófi. Átta sögðust hafa framhaldsskólamenntun að baki án þess að ljúka námi. Tíu sögðust hafa lokið sérnámi. Átta sögðust hafa lokið verknámi eða fullu starfsnámi og einn lokið stúdentsprófi. Sjö sögðust hafa lokið háskólanámi og einn tekið stök námskeið á háskólastigi.
- Alls 12 sem höfðu verið í framhaldsskóla höfðu valið almenna námsbraut, 12 almenna bóknámsbraut, 10 starfsnámsbraut og 4 viðskiptabraut.
- Alls 25 eða rúmlega þriðjungur þeirra sem svöruðu listanum sagðist stunda nám í fangelsinu. Alls 44 eða 64% svarenda stunduðu því ekki nám í fangelsinu meðan á könnuninni stóð. Rúmur helmingur þeirra sem stundaði nám í fangelsinu var á framhaldsstigi og rúmlega 10% voru í undirbúningsnámi að stúdentsprófi. Þrír stunduðu nám á háskólastigi, fjórir grafíska hönnun, tölvufræði og húsasmíði.
- Mjög fjölbreyttar námsleiðir á framhaldsstigi eru valdar. Starfstengdar námsbrautir eru algengar en þriðjungur var á almennri - og félagsfræðibraut.
- Af þeim 44 föngum sem ekki stundaði nám í fangelsi töldu 17 (39%) að skortur á upplýsingum sé stærsta hindrunin að námi og 12 (27%) lélegar námsaðstæður helstu ástæður þess að þeir stunda ekki nám.
- Alls 22 fangar sögðust vilja hefja nám í framhaldsskóla. Alls 13 fangar sögðust ekki hafa áhuga á að stunda nám í fangelsi.
- Meirihluti svarenda (70%) sagðist ekki eiga í erfiðleikum með lestur og skrift.
- Rúmur helmingur (53%) sagðist eiga erfitt með stærðfræði.
- Tæplega þriðjungur þeirra sem sagðist eiga í erfiðleikum með lestur, skrift eða stærðfræði hafði einhvern tíma verið rannsakaður vegna þessara námserfiðleika.
- Alls töldu 9% tölvukunnáttu sína afar slæma, tæplega 22% slæma, tæplega 31% miðlungs, tæplega 25% góða og um 13% mjög góða.
- Um 45% þeirra sem voru í námi töldu nám í fangelsi hafa mikla þýðingu til að auðvelda þeim að fá vinnu þegar þeir losna.

- Stór meirihluti þeirra (85%) sem stundaði nám í fangelsi töldu það mikilvægt til að nýta tímann í afplánun skynsamlega. Meira en helmingur sagði nám gera vistina léttbærari og rúmur helmingur að það sé mikilvægt til að undirbúa áframhaldandi nám að aflokinni afplánun.
- Aðeins 5% þeirra sem stunduðu nám í fangelsi töldu það mikilvægt til að eiga auðveldara með að fá vinnu innan fangelsisins.
- Aðeins 20% þeirra sem stunduðu nám í fangelsi töldu það mikilvæga ástæðu fyrir námsvali sínu vera aukið frelsi að deginum.
- Um 30% töldu námið mikilvægt til þess að hjálpa þeim að koma í veg fyrir að þeir fremji afbrot að afplánun lokinni.
- Alls um 70% þeirra sem voru í námi töldu aukna faglega þekkingu hafa mikla þýðingu í námsvali sínu.
- Mat vistmanna á kennslu innan fangelsisins sýndu að 58% voru ánægð með kennsluna innan fangelsisins.
- Meirihluti fanga í námi (70%) taldi aðgengi að tölvum of lítið við nám innan fangelsisins.
- Ástæður sem fangar gefa fyrir því að hætta í námi eru mjög fjölbreyttar. Námsaðstæður í fangelsi og persónulegar ástæður koma þar við sögu.

Útdráttur

Verkefnið sem hér er greint frá er hluti af samnorrænni rannsókn á menntun, menntunaraðstæðum og námsáhuga meðal fanga á öllum Norðurlöndunum. Að verkefninu á Íslandi standa Fangelismálastofnun ríkisins, menntamálaráðuneytið og dómismálaráðuneytið í samvinnu við félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Hérna verður lýst niðurstöðum íslenska hlutans. Spurningalisti var lagður fyrir í öllum fangelsum landsins dagana 10. október til 2. nóvember árið 2006. Niðurstöðurnar sýna að rúmlega þriðjungur fanganna sem tók þátt í könnuninni sagðist stunda nám í fangelsum landsins meðan á könnuninni stóð (sjá mynd 12). Mun fleiri fangar sögðust hafa áhuga á að stunda nám meðan á afplánun stendur. Ýmsar ástæður voru tilgreindar hvers vegna þeir stunduðu ekki nám. Ófullnægjandi aðgengi að upplýsingum um námsframboð ásamt erfiðum námsaðstæðum í fangelsum landsins voru helst nefndar sem ástæður. Alls tuttugu og fimm fangar sögðust stunda nám í fangelsi. Langflestir þeirra voru í afplánun á Litla-Hrauni eða alls 22.

Markmiðið með skýrslunni er að birta og túlka niðurstöðurnar á Íslandi á sem skýrastan hátt. Jafnframt verður lögð áhersla á að sýna fram á mikilvægi menntunar sem form betrunar innan fangelsiskerfisins með vísun í fjölda rannsókna bæði innlendra og erlendra. Ekki verða settar fram eiginlegar tillögur um frekari námsúrræði eða uppbyggingu náms í fangelsum landsins. Nefnd á vegum menntamálaráðuneytisins áformar að gefa út aðra skýrslu með tillögum þar að lútandi. Í framhaldi verða gefnar út norrænar skýrslur og greinar með niðurstöðum frá öllum Norðurlöndunum þar sem leitast verður við að bera saman stöðu landanna með tilliti til menntunar í fangelsum.

Efnisyfirlit

Útdráttur	4
Efnisyfirlit	5
Myndaskrá	6-7
Töfluskrá	7
1. Kafli: Menntun og afbrot	8-15
1.1 Menntun og afbrot	8-10
1.2 Menntun í fangelsi og atvinnutækifæri	10-11
1.2 Forvarnargildi menntunar	11
1.3 Íslenskar fangelsisrannsóknir á menntun og ítrekun	12-13
1.4 Markmið refsinga og samfélagsleg aðlögun	13-15
2. Kafli: Framkvæmd rannsóknarinnar	16-50
2.2 Framkvæmd rannsóknarinnar	16-18
2.3 Niðurstöður	18-50
3. Kafli: Mikilvægi menntunar og stefnumótun stjórnvalda	51-53
3.1 Mikilvægi menntunnar og stefnumótun stjórnvalda	51-52
3.2 Hugleiðingar að lokum	52-53
Heimildaskrá	54-56
Viðauki	56-66

Myndaskrá

Mynd 1. Dreifing vistmanna í íslenskum fangelsum eftir aldri.	18
Mynd 2. Fjöldi vistmanna í íslenskum fangelsum eftir kyni.	19
Mynd 3. Grundvöllur fangelsisvistar.	19
Mynd 4. Lengd fangelsisdóma.	20
Mynd 5. Ríkisfang vistmanna í íslenskum fangelsum.	20
Mynd 6. Dreifing vistmanna eftir uppeldisstað.	21
Mynd 7. Dreifing vistmanna í íslenskum fangelsum eftir fæðingarlandi foreldra.	21
Mynd 8. Námsbakgrunnur vistmanna í íslenskum fangelsum.	22
Mynd 9. Upphaf framhaldsskólanáms.	23
Mynd 10 a. Námsbraut sem vistmenn höfðu stundað í framhaldsskóla.	23
Mynd 10 b. Námsbraut sem vistmenn höfðu stundað í framhaldsskóla.	24
Mynd 11 a. Fjöldi eininga sem lokið hefur verið á framhaldsskólastigi.	24
Mynd 11 b. Fjöldi eininga sem lokið hefur verið á framhaldsskólastigi.	25
Mynd 12. Fjöldi vistmanna sem stundar nám á meðan á fangavist stendur.	26
Mynd 13 a. Námsbraut sem vistmenn hafa valið í framhaldsskóla.	27
Mynd 13 b. Námsbraut sem vistmenn hafa valið í framhaldsskóla.	27
Mynd 14. Ástæður þess að nám er ekki stundað í fangelsinu.	28
Mynd 15. Löngun til að hefja tiltekið nám.	29
Mynd 16. Löngun til að velja tiltekna námsbraut.	30
Mynd 17 a. Mat á tölvukunnáttu fanga.	31
Mynd 17 b. Mat á tölvukunnáttu fanga.	31
Mynd 18 a. Mat á lestrar- og skriftarkunnáttu fanga.	32
Mynd 18 b. Mat á lestrar- og skriftarkunnáttu fanga.	32

Mynd 19 a. Mat á stærðfræðikunnáttu fanga.	33
Mynd 19 b. Mat á stærðfræðikunnáttu fanga.	33
Mynd 20. Hafa erfiðleikar við lestur, skrift eða stærðfræði einhvertíma verið rannsakaðir.	34
Mynd 21. Hefur þú hlotið hjálp vegna erfiðleika í námi.	34
Mynd 22 a. Mat á lestrar og skriftarkunnáttu.	35
Mynd 22 b. Mat á lestrar og skriftarkunnáttu.	35
Mynd 23 a. Mat á stærðfræðikunnáttu.	36
Mynd 23 b. Mat á stærðfræðikunnáttu.	36
Mynd 24 a. Hversu ríkar eru þessar ástæður fyrir náminu sem þú ert núna að stunda ?	37
Mynd 24 b. Hversu ríkar eru þessar ástæður fyrir náminu sem þú ert núna að stunda?	39
Mynd 25 a. Hvernig finnst þér menntunin í fangelsinu?	41
Mynd 25 b. Hvernig finnst þér menntunin í fangelsinu?	42
Mynd 26. Hvaða atriði kunna að valda föngum erfiðleikum við nám meðan á námi stendur?	43
Mynd 27. Aðferðir við að læra, hvatning til náms og upplifun í prófum.	44
Mynd 27 b. Aðferðir við að læra, hvatning til náms og upplifun í prófum.	46
Mynd 27 c. Aðferðir við að læra, hvatning til náms og upplifun í prófum.	48
Mynd 28 a. Ástæður þess að fangar hættu í námi.	50
Mynd 28 b. Ástæður þess að fangar hættu í námi.	50

Töfluskrá

Tafla 1. Fangelsi á Íslandi 2006	16
---	-----------

1. kafli

Menntun og afbrot

Menntun hefur lengi verið álitin einn af lykilþáttum í betrun fanga (Clemmer, 1958). Í fangelsum var í fyrstu boðið upp á fræðslunámskeið fyrir afbrotamenn. Í framhaldi tóku þau á sig form almenns náms með það að markmiði að gera föngum betur kleift að takast á við lífið að afplánun aflokinni. Menntun innan fangelsa stuðlar að aukinni hæfni fangans og hjálpar honum að lifa góðu og gagnlegu lífi að aflokinni afplánun (Reuss, 1999). Lipton, Martinson og Wilks (1975) sýndu fram á að afbrotamenn væru móttækilegir fyrir þjálfun og menntun að því gefnu að kennarinn sýndi metnað og áhuga á kennslunni. Opnað er fyrir möguleika á betrun og um leið blásið á raddir sem telja fanga vanhæfa til að takast á við krefjandi nám (Lombroso, 1911).

Almennt sýna rannsóknir að menntun og afbrot hafa sterk tengsl og að menntun innan veggja fangelsisins kunni að vera einn mikilvægasti þátturinn í viðleitni yfirvalda til að draga úr ítrekunartíðni afbrota. Rannsóknir sýna einnig að fangar virðast að jafnaði hafa minni menntun og takmarkaðri verkkunnáttu en aðrir borgarar og því er brýnt að rækta þennan þátt innan veggja fangelsisins (Andrews og Bonta, 1994). Samanburðarrannsókn Hansen (2003) á afbrotamynstri einstaklinga eftir menntun sýnir að afbrotatíðni meðal einstaklinga sem hætta í skóla við 16 ára aldur er mun hærri en meðal þeirra sem halda áfram í námi. Niðurstöður sýna einnig að þegar 25 ára aldri er náð eru hverfandi líkur á afbrotahegðun hjá menntaðri hópum meðan að nokkuð stöðugt afbrotamynstur er til staðar hjá þeim minna menntuðu (Hansen, 2003). Hvað er það í grunngerð þjóðfélagsins sem veldur því að þeir sem hafa minni skólagöngu að baki en aðrir lenda frekar í afbrotum?

Hinn kunni franski félagsfræðingur Durkheim (1893) taldi að rekja mætti flest afbrot til þess sem hann nefndi *siðrof* (e. anomie) sem væri ríkjandi í samfélögum þar sem félagsleg tengsl væru veik. Að mati hans eru afleiðingar siðrofs þær að þjóðfélagið getur ekki lengur viðhaldið stjórn á markmiðum og löngunum borgaranna. Í samfélagi siðrofs eiga borgararnir erfitt með að stjórna löngunum sínum og kröfur um aukin efnisleg gæði verða í raun ótakmarkaðar. Í samfélögum sem einkennast af harðri markaðs- og einstaklingshyggju og byggja á veikum félagslegum tengslum getur siðrofsástand orðið viðvarandi.

Siðrofskenning Durkheims var útfærð nánar af félagsfræðingnum Robert Merton (1938/1968). Merton taldi félagskerfi nútíma markaðsþjóðfélags eiga á hættu að einkennast af

innri mótsögnum og ágreiningi. Áhersla á efnahagslegan árangur og skortur á viðurkenndum leiðum til að uppfylla þessi markmið verður til þess að ákveðnir hópar geta ekki náð efnahagslegum markmiðum sínum eftir þeim viðurkenndu leiðum sem bjóðast. Merton leit á afbrot sem afleiðingu af því þegar markmið og leiðir stangast á í samfélaginu. Markmiðið um efnisleg gæði er áberandi einkenni í samfélaginu en löglegar leiðir eða tækifæri til að öðlast þau eru mismunandi aðgengilegar borgurunum. Siðrof skapast sem verður til þess að þeir hópar sem minni bjargir hafa velja ólöglegar leiðir til að uppfylla markmiðin um efnisleg gæði. Skortur á samræmi milli markmiða og leiða í samfélaginu getur því leitt af sér ójafnvægi sem lýsir sér í afbrotum, ekki síst auðgunarbrotum. Afbrotamenn eru því ekki endilega vondir í eðli sínu heldur hafa þeir oft á tíðum ekki nægilega möguleika til að uppfylla markmiðin eftir hefðbundnum aðferðum og beita því ólögmætum aðferðum til að uppfylla þau (Messner og Rosenfeld, 2001).

Hvernig tengjast siðrof og menntun afbrotum í nútímasamfélagi? Þeir einstaklingar sem hafa takmarkaða menntun hafa minni möguleika á að koma sér áfram á viðurkenndan hátt í samfélaginu. Þeir eru líklegri til að velja afbrotahegðun til að uppfylla þau efnahagslegu markmið sem samfélagið leggur áherslu á. Menntaðir einstaklingar hafa fleiri möguleika á að feta viðurkenndar leiðir í átt að markmiðum sínum. Menntun og kostur á menntun fyrir alla getur því haft marktæk áhrif á tíðni afbrota í gegnum aukna möguleika eða nýjar viðurkenndar leiðir sem einstaklingar öðlast með menntun til að uppfylla markmið sín um efnahagleg gæði og sjálfstæði.

Rannsóknir á tengslum menntunar og afbrota hafa staðfest kenningar af þessu tagi og sýnt marktækt samband í opinberum gögnum. Gögn frá Federal Bureau of Investigation (www.fbi.gov) og State States (www.statestats.com) sem Morgan Quitno (2002-2005) hefur safnað um skráð afbrot og menntunarstig í fylkjum Bandaríkjanna sýna tengslin á skýran hátt. Að jafnaði hækkar afbrotatíðnin þegar menntunarhlutfall innan fylkja lækkar. Niðurstöðurnar styðja þá ályktun að almennt séu tengsl til staðar á milli menntunar og afbrotatíðni. Í því ljósi hlýtur að vera brýnt að styrkja nám, námsframboð og námsaðstæður sem hluta af betrun fanga.

Rannsóknir sýna jafnframt skýr tengsl milli aldurs og afbrota. Afbrotamynstrið vex hratt upp úr 15 ára aldri og fram á tvítugsaldur. Þrátt fyrir að fræðimenn séu almennt sammála um þetta mynstur og hafi meðal annars nefnt þetta aldursskeið *afbrotaaldur* eru ekki allir jafn sammála um hvaða ástæður liggi að baki mynstrinu. Rannsóknir Gottfredson og Hirschi (1983) á sambandi aldurs og afbrota benda til að afbrot séu ekki eingöngu stöðug í tíma og

rúmi heldur einnig óháð öðrum breytum. Niðurstöður þeirra segja okkur með öðrum orðum að aðeins aldur hafi sjálfstæð áhrif á afbrot og að engir aðrir þættir komi þar að. Þó greinir fræðimenn á um hvernig skýra eigi samband aldurs og afbrota. Niðurstöður Rowe og Tittle (1988) sýna að aðrir þættir kunna að skýra sambandið t.d. ótti við refsingar, menntun, félagsleg samþætting og siðferðisvitund einstaklinga. Annað mikilvægt atriði í að skýra sambandið er ávinningur af afbrotum en með því eiga þeir við að félagsleg samþætting spili saman við ótta við refsingar og siðferðisvitund þannig að einstaklingurinn vegur og metur á milli fórnarkostnaðar og ávinnings (Smith, 1776).

Þrátt fyrir að rannsóknir Hirschi og Gottfredson séu á margan hátt sannfærandi er erfitt að verja þá kenningu að tengsl aldurs og afbrota sé óháð öðrum breytum. Rannsókn Hansen (2003) á karlmönnum á aldrinum 16-25 ára í Wales sýnir að þeir karlmenn sem halda áfram í skóla eftir 16 ára aldur eru mun ólíklegri til að taka þátt í afbrotum en þeir sem hætta í skóla. Niðurstöðurnar eiga bæði við um ofbeldis- og auðgunarbrot. Bakgrunnspættir sem kunna að skýra þetta samband að mati Hansen eru atvinnutækifæri, menntun, fjölskylduaðstæður, persónueinkenni einstaklinga og félagsauður grenndarsamfélagsins. Það virðist því vera svo að samband aldurs og afbrota sé ekki lögmál í sjálfu sér heldur sé það til staðar vegna tilhlutan annarra félagslegra þátta þar sem menntun spilar lykilhlutverk.

Menntun í fangelsi og atvinnutækifæri

Afbrotafræðin er þverfræðileg grein og snertifletir við aðrar greinar félagsvísinda eru áberandi. Í ritverki sínu *Auðlegð þjóðanna* kynnti Adam Smith (1776) hugtakið fórnarkostnað. Það felur í sér mestu tekjur sem menn missa velji þeir tiltekinn kost. Gengið er út frá því að maðurinn sé skynsamur í eðli sínu og vegi og meti ágóða og kostnað af tiltekinni hegðun. Hagfræðin setur þetta fram sem „hið skynsamlega eðli einstaklingsins á markaði“. Þetta hugtak útfærði Cesare Beccaria (1771) í bók sinni *On Crimes and Punishment*. Þegar einstaklingurinn veltir fyrir sér tiltekinni afbrotahegðun velji hann á milli mögulegs kostnaðar af athæfinu (refsingu) og ávinnings (gróða). Afbrot eru oft kostnaðarsamari fyrir einstaklinga sem hafa komið sér vel fyrir í samfélaginu og eiga hættu á að förna einhverju velji þeir afbrotið. Hagræn hugsun er ríkjandi í markaðssamfélaginu og eftir því sem þú stendur betur efnahagslega fórnarðu meira við að velja afbrot. Samhengi af þessu tagi er hægt að tengja menntun, atvinnumöguleikum og atvinnu. Rannsóknir sýna að afbrotamenn eru að jafnaði minna menntaðir og hafa takmarkaðri möguleika á starfi en aðrir (Andrews og Bonta, 1994). Rannsóknir sýna einnig að atvinnumöguleikar þeirra sem stunda afbrot eru oft af skornum

skammti (Tonry, 1998) og að hluta til megi rekja það til færri atvinnutækifæra vegna lítillar menntunar. Fjölgun atvinnutækifæra samhliða hærra hlutfalli menntaðra einstaklinga í samfélaginu kann því að vera vænleg fjárfesting fyrir samfélagið í heild. Margt bendir til að aðferðir af þessu tagi dragi úr afbrotum þar sem borgararnir vilja ekki fórna hagsmunum sínum fyrir mögulegan skammtímagróða sem fæst af afbrotum.

Forvarnargildi menntunar

Forvarnargildi menntunar innan veggja fangelsisins hefur lengi verið fræðimönnum hugleikið og hefur fræðimönnum stundum greint á í þeim efnum. Sumir fræðimenn halda því fram að menntun í fangelsum skili tilætluðum árangri og dragi úr afbrotum og endurkomutíðni meðal fanga (Anderson, Schumacker og Anderson, 1991; Jenkin, Pendry og Steurer, 1995 og Porporino og Robinson, 1992) meðan rannsóknir annarra fræðimanna benda til að menntun meðal fanga skili ekki viðunandi árangri (Martinson, 1974 og Sullivan, 1990).

Þarna mætast ólík sjónarmið fræðimanna sem annars vegar telja að menntun innan veggja fangelsisins skili tilætluðum árangri og þeirra sem telja að markmiðunum sé ekki fullnægt og þeim fjármunum sem lagðir eru til menntunar sé betur varið í annað. Ýmislegt bendir til að á 10. áratug 20. aldar hafi bandarísk stjórnvöld hallast að því að fjármunum sem lagðir voru til menntunar í fangelsum væri betur varið annars staðar. Hugmyndum um að beita aukinni hörku gegn glæpum óx ásmegin og hluti af því var að afnema styrki (e. *Pell Grants*) sem gerðu föngum kleift að stunda framhaldsnám. Afleiðingin var sú að margir menntaskólar og háskólar sem höfðu séð um menntun í fangelsum urðu að leggja niður kennslu innan þeirra (Taylor og Tewksbury, 1996). Menntun hafði staðið til boða í flestum fangelsum Bandaríkjanna allt frá því að Attica uppreisnin var gerð (1971) og 43 féllu í valinn og voru ekki allir á eitt sáttir um þessa ákvörðun stjórnvalda.

Menntun sem hluti betrunar meðan á afplánun stendur þekkist í ýmsu formi. Óstöðugt uppeldi sem einkennist af hörku eða vanrækslu eru allt þættir sem geta leitt til afbrota (Sutton, 2002). Árið 2001 höfðu öll bresk fangelsi nema fjögur boðið upp á uppeldisnámskeið fyrir unga foreldra (þ.e. karla) sem dvöldu í fangelsi (Boswell og Wedge, 2002). Uppeldisnámskeið eiga að auka ábyrgðartilfinningu og styrkja fjölskyldutengsl ungra foreldra sem dvelja í fangelsi. Með breyttum áherslum í uppeldi foreldra er námskeiðum af þessu tagi ætlað að draga úr líkum á ofbeldishegðun meðal barna sem að öllu jöfnu eru líklegri til að brjóta af sér þar sem þau eiga foreldra í fangelsi.

Íslenskar fangelsisrannsóknir á menntun og ítrekun

Árið 2006 var gerð rannsókn á menntun fanga á Litla-Hrauni út frá sjónarhorni þeirra sem höfðu stundað nám við fangelsið. Markmiðið var að skoða hvaða þættir mótuðu viðhorf fanga til menntunar. Í rannsókninni sýnir Aðalheiður Dröfn Eggertsdóttir (2006) fram á að nám hafði mjög jákvæð áhrif á fangana sem tóku þátt í rannsókninni. Beitt var eigindlegri nálgun sem fólst í djúpvíðtölum við fimm fanga. Niðurstöðurnar gefa mikilvægar vísbendingar um gildi menntunar fyrir fanga en þær eru settar fram með fyrirvara um skort á alhæfingargildi vegna smæðar úrtaks.

Allir þátttakendur í rannsókn Aðalheiðar sátu inni fyrir fíkniefnabrot og höfðu ítrekað komið við sögu lögreglu en voru frjálssir þegar viðtölin fóru fram. Þeir áttu það allir sameiginlegt að vera í námi eða höfðu nýlega lokið námsgráðu. Í viðtölunum kom fram að eftir að hafa hlotið dóm ákváðu þeir að snúa blaðinu við, nota tímann skynsamlega og álitu að nám væri besta leiðin til þess. Þar sem menntunaraðstaða var best á Litla Hrauni sóttu þeir um að fá að taka út afplánun þar.

Niðurstöðurnar benda til að námið hafi haft ótvírætt gildi eftir að fangarnir luku afplánun en það létti þeim einnig lífið meðan á henni stóð. Námið hélt þeim frá fíkniefnaneyslu og nefndu þeir einkum tvær ástæður fyrir því. Fangarnir vissu að brot á fíkniefnalöggjöfinni leiddi til brottvísunar úr námi auk þess sem þeir voru meðvitaðir um að neysla myndi draga úr námsgetu. Fangarnir áttu það allir sameiginlegt að búa við félagslegan stuðning frá fjölskyldu og vinum. Aftur á móti töldu þeir að fangaverðir hefðu fremur gert þeim erfiðara fyrir að stunda nám en að hvetja þá áfram. Þó tekur Aðalheiður fram að hún tók ekki viðtöl við fangaverði og þar með fékk hún ekki þeirra hlið á málinu. Við mat á kennslufyrirkomulaginu sýndu niðurstöðurnar að fyrirkomulagið hentaði sumum vel en gat virkað sem hindrun fyrir þann hóp sem á við námsörðugleika að stríða.

Íslenskar rannsóknir á ítrekunartíðni afbrota hafa sýnt að töluverð ítrekunartíðni er til staðar hérlandis. Niðurstöður Ómars H. Kristmundssonar (1988) sýndu að um 60% prósent þeirra sem luku refsivist árin 1979 og 1980 voru dæmdir aftur til refsivistar 4-5 árum síðar. Í rannsókn á þeim sem luku afplánun refsidóms á tímabilinu 1994 til 1998 kom fram að ítrekunartíðni fyrir þá sem luku fangavist sýndi að 37% voru fangelsaðir á ný, 44% hlutu nýjan dóm og 73% þurfti lögreglan að hafa afskipti af á ný innan fimm ára frá dómsuppkvaðningardegi (Eric Baumer, Helgi Gunnlaugsson, Kristrún Kristinsdóttir og Richard Wright, 2001). Niðurstöður þessarar rannsóknar benda jafnframt til þess að

ítrekunartíðni á Íslandi sé mjög svipuð því sem tíðkast meðal annarra þjóða, jafnvel þó að sumar þessara þjóða beiti talsvert þyngri refsingum en Íslendingar.

Markmið refsinga og samfélagsleg aðlögun

Í meistaraverkefni sínu heldur Aðalheiður Dröfn Eggertsdóttir (2006) því fram að mikilvægt sé að stjórnvöld marki sér skýra stefnu á grundvelli þess hvort fangelsisvistin eigi að vera betrun eða refsing. Hér er komið inn á lykilatriði sem snýst um tilgang og markmið fangelsisvistar. Ef markmiðið með vistun er fyrst og fremst refsing er hætta á að aðlögun í samfélagið að lokinni afplánun verði erfiðari en ella.

Í samfélögum þar sem markmið refsingar er öðru fremur að stuðla að farsælli aðlögun fanga að samfélaginu að aflokinni afplánun ættu því sjónarmið betrunar að vera í forgrunni. Félagslegur stuðningur við fanga og kostur á menntun gegnir þar lykilhlutverki. Mikilvægt er að fangaverðir og annað starfsfólk fangelsa fái fræðslu og stuðning til að styðja fangana í námi sínu. Rannsóknir hafa sýnt að ítrekunartíðni afbrota meðal fyrrverandi fanga á Íslandi er há (Ársskýrslur fangelsismálastofnunar, 2004) og tengist oft þeirri staðreynd að fangar eigi erfitt með að fóta sig í samfélaginu á nýjan leik. Eftirfarandi staðhæfingar eru fengnar úr kanadískri rannsókn sem sýna vel þá stöðu sem stundum blasir við föngum að aflokinni afplánun:

“Því lengur sem það tekur vistmann sem nýlega hefur verið leystur úr haldi að ná sér í vinnu, því líklegra er að hann verði heimilislaus, sérstaklega ef hann skortir stuðning frá fjölskyldunni (Gaetez og O’Grady, 2006). Rannsókn Aðalheiðar Drafnar (2006) sýndi í þessu samhengi að þeir fangar sem sæktu í menntun höfðu sterkan félagslegan stuðning á bak við sig í fjölskyldu og vinum.

“En aldrei í lífi mínu hef ég verið í fangelsi og einhver hefur boðið mér aðstoð með hluti eins og húsnæði þegar afplánun hefur verið að ljúka”
(Ontario fangi leystur úr haldi, heimilislaus í augnablikinu).

(Gaetez og O’Grady, 2006).

“Þegar ég var leystur úr haldi í nóvember 2005 bjó ég hjá fjölskylduvinum í London í nokkra mánuði. Svo stóð ég frammi fyrir hindrun í janúar og bjó hjá vinum -leigulaust- í viku og hjá öðrum vinum í nokkra daga. Við fórum svo í athvarf í u.þ.b. 3. vikur og nú bý ég aftur

hjá vinum” (Ontario fangi leystur úr haldi, í heimilisvandræðum augnablikinu).

(Gaetez og O’Grady, 2006).

Þegar búið er að leysa grunnþarfir húsaskjólts koma aðrir þættir til eins og atvinnuleit.

“Klárlega húsnaði og aðstoð við atvinnuleit. Eftir það getur maður nokkurn vegin ráðið fram úr afgangnum. Húsnaði og atvinna eru í raun mikilvægustu þarfirnar” (Ontario fangi leystur úr haldi, á heimili í augnablikinu).

(Gaetez og O’Grady, 2006).

Einn íslenskur fangi sagði eftirfarandi um ástand sitt þegar hann var að svara spurningum listans sem greint er frá í þessari skýrslu:

“Maður þreifir fyrir sér, sækir um og svona en það er svo erfitt að komast að þegar maður er ekki með hreint record. Svo er maður náttúrulega ekki með neina menntun” (íslenskur fangi).

Menntun er því ekki eini þátturinn sem þarf að hlúa að þegar kemur að því að draga úr ítrekunartíðni afbrota heldur er hún mikilvægur þáttur í keðju sem myndar eina heild. Það hlýtur að vera yfirlýst markmið stjórnvalda að einstaklingurinn komi betri út en hann kom inn. Leiðin að markmiðinu ætti því frekar að leitast við að opna tækifæri frekar en að loka dyrum.

Í rannsókn Eric Baumer, Helga Gunnlaugssonar, Krístrúnar Kristinsdóttur og Richard Wright (2001) á ítrekunartíðni afbrota á Íslandi kom fram töluverð ítrekunartíðni meðal þeirra vistmanna sem höfðu lokið fangavist. Í rannsókninni kom fram að innan fimm ára hafði lögreglan þurft að hafa afskipti af 73% þeirra sem leystir höfðu verið úr haldi og 44% verið dæmdir á ný og um 50 prósent þeirra sem höfðu verið fangelsaðir fyrir fjármunabrot voru fangelsaðir á ný. Auknir menntunarmöguleikar meðal íslenskra fanga ættu að geta dregið úr ítrekunartíðni afbrota og auðvelda aðlögun þeirra í samfélaginu og mynda meiri stöðugleika í lífsfarvegi fanga.

“Það er engin andskotans betrun að hola okkur hérna niður þannig að við höfum ekkert við að vera. Suma hérna langar í nám, aðra að fara að vinna en sama hvað við spyrjum þá fáum við engin svör.

Maður staðnar bara hérna inni og er ekkert bættari þegar maður kemur út” (íslenskur fangi, október 2006).

Einnig er mikilvægt að auka upplýsingaflæði innan veggja fangelsisins þannig að fangar viti hvað sé í boði og fá skýr og greininleg svör varðandi það nám sem í boði er.

Mig langar að reyna að taka svona byrjunar áfanga en maður veit bara ekkert hvert maður á að leita og þegar maður spyr fær maður engin svör. (íslenskur fangi, október 2006).

Betrun innan veggja fangelsisins felur fleira í sér en menntunarmöguleika og menntunaraðstæður heldur einnig ýmsa aðra þætti í umhverfi fanga s.s atvinnumöguleika, húsnæðismál og félagslegar og efnahagslegar aðstæður. Ný fangelsislög frá 2005 og markmiðssetning Fangelsismálastofnunar ríkisins koma m.a. inn á stefnumörkun af þessu tagi. Í því augnamiði þyrfti að efla stoðþjónustu við fanga sem felur ekki eingöngu í sér aukna félagsráðgjöf og sálfræðiþjónustu heldur einnig náms- og starfsráðgjöf.

2. kafli

Framkvæmd rannsóknarinnar

Niðurstöðurnar sem greint er frá hér að neðan endurspeglar útkomu úr spurningalistakönnun sem lögð var fyrir alla þá sem orðnir voru 18 ára eða eldri og sátu í íslenskum fangelsum dagana 10. október til 2. nóvember 2006. Öllum föngum var sent bréf þar sem fram kom að könnunin væri gerð að tilhlutan menntamálaráðuneytis og dóms- og kirkjumálaráðuneytis í samvinnu við Fangelsismálastofnun ríkisins (sjá í viðauka). Einnig kom fram að könnunin er hluti af samnorrænni rannsókn og að Félagsvísindadeild Háskóla Íslands hefði umsjón með framkvæmdinni hérna á landi og að hún hefði verið tilkynnt til persónuverndar.

Fangelsi ríkisins	Dagsetning	Svörun	Fjöldi fanga	Svarhlutfall
Hegningarhúsið	20.okt	5	12	42%
Fangelsið Kópavogsbraut	24.okt	6	11	55%
Fangelsið Kvíabryggja	27.okt	13	14	93%
Fangelsið Akureyri	31.okt	5	9	56%
Fangelsið Litla-Hrauni	7.nóv	49	73	67%
Samtals:		78	119	66%

Tafla 1. Fangelsi á Íslandi 2006.

Hegningarhúsið, Skólavörðustíg 9, 101 Reykjavík

Þann 20. október 2006 var könnunin lögð fyrir í Hegningarhúsinu í Reykjavík. Tólf fangar voru vistaðir í fangelsinu þegar listinn var lagður fyrir. Svarhlutfall var það lægsta sem mældist (5 af 12) í einstaka fangelsum og má nefna nokkrar ástæður fyrir því. Rétt er að taka fram að aðstæður til náms í Hegningarhúsinu eru takmarkaðar og enginn stundar nám þar. Önnur mikilvæg ástæða fyrir lægra svarhlutfalli er líklega sú mikla fangavelta sem á sér stað í fangelsinu enda þjónar það sem nokkurs konar móttökufangelsi nýrra fanga. Daginn sem könnunin var lögð fyrir var búið að skrá inn alls 201 fanga á árinu. Tæplega fimm fangar voru því skráðir inn og út úr fangelsinu að jafnaði í hverri viku og hlýtur það að teljast hátt hlutfall í ekki stærra fangelsi. Þriðja ástæðan fyrir lægri svörun kann að vera sú að seinna þann sama dag og listinn var lagður fyrir átti að hefjast hungurverkfall meðal fanga. Framkvæmd könnunarinnar virðist þó hafa kveikt einhvern neista meðal fanganna því tveimur vikum síðar hringdi fangi í einn aðstandenda könnunarinnar til að afla sér upplýsinga um nám og námsleiðir.

Fangelsið, Kópavogsbraut 17

Þann 24. október 2006 var könnunin lögð fyrir í Fangelsinu við Kópavogsbraut. Svörun var næst lægst þar en hafa ber í huga samsetningu fangahópsins. Alls sex vistmenn af 11 í fangelsinu svöruðu listanum en þrátt fyrir að hlutfallið sé ekki jafn hátt og væntingar stóðu til er hér um að ræða alla þá sem á annað borð töldust færir að taka þátt. Vistmenn sem ekki tóku þátt áttu erfitt með að skilja íslensku eða ensku eða voru ekki aflögufærir vegna persónulegra ástæðna. Fangar nefndu að námsaðstæður gætu e.t.v. verið betri þar sem kennslustofa hefði verið tekin undir annað. Þó töldu þeir námsaðstæður ágætar í matsalnum enda hugsanlega erfitt að halda úti heilli kennslustofu fyrir svo lítinn hóp. Fangar nefndu einnig skort á kennurum þar sem erfitt væri að fá kennara til að kenna við fangelsið.

Fangelsið, Kvíabryggja

Þann 27. október 2006 var könnunin lögð fyrir í Fangelsinu á Kvíabryggju á Snæfellsnesi. Svarhlutfall var mjög gott og aðeins einn fangi neitaði að svara sökum persónulegra ástæðna. Tveir fangar stunduðu fjarnám og töldu nám sitt hafa gengið nokkuð vel.

Fangelsið Akureyri, Þórunnarstræti 138

Þann 31. október 2006 var könnunin lögð fyrir í fangelsinu á Akureyri. Svarhlutfallið var ekki eins gott og væntingar stóðu til en aðeins fimm af níu vistmönnum svöruðu listanum. Einingin á Akureyri er lítil og því hægt að nálgast fangana á persónulegan hátt. Vistmenn bentu á almennt aðstöðuleysi í fangelsinu ásamt takmörkuðu flæði upplýsinga og takmörkuðum námsmöguleikum innan veggja fangelsisins.

Fangelsið Litla-Hrauni, 820 Eyrarbakka


Á áttunda áratug 20. aldar hófst skipulagt nám á Litla-Hrauni en um var að ræða tilraunaverkefni þar sem skipulagt nám hafði aldrei staðið til boða í íslenskum fangelsum áður. Bæði var boðið upp á verklegt og bóklegt nám frá upphafi kennslunnar og hefur Fjölbrautaskóli Suðurlands séð um kennsluna alla tíð síðan (Nordic Council of Ministers, 2005).

Þann 7. nóvember var könnunin lögð fyrir í fangelsinu á Litla Hrauni. Svarhlutfall var vel ásætlanlegt en 49 af 73 föngum svöruðu listanum (67%). Rétt er að taka fram að langflestir þeirra fanga sem sögðust stunda nám í fangelsum landsins afplánuðu á Litla-Hrauni

eða 17 af þeim 20 sem svöruðu könnuninni. Sérstaklega ber að þakka trúnaðarráði fanga á Litla-Hrauni sem stóð vel að kynningu verkefnisins meðal fanga.


Niðurstöður

Menntun, menntunaraðstæður og námsáhugi meðal íslenskra fanga




Mynd 1. Dreifing vistmanna í íslenskum fangelsum eftir aldri.

Þegar niðurstöður rannsóknarinnar eru skoðaðar eftir aldri vistmanna kemur í ljós að 80% vistmanna voru fæddir fyrir 1970 og aðeins tæplega 7% höfðu náð 45 ára aldri. Megnið af vistmönnum sem tóku þátt í rannsókninni eru því 35 ára eða yngri. Þessar niðurstöður hljóta að gefa tilefni til að ætla að mikilvægt sé að leggja ríka áherslu á menntun því fjárfesting í menntun hlýtur að skila enn meiri arði fyrir unga einstaklinga en þá sem eldri eru. Með því að mennta sig er einstaklingurinn um leið að fjárfesta í framtíðinni sem hlýtur að koma honum til góða og sérstaklega þeim einstaklingum sem eiga megnið af lífinu framundan.




Mynd 2. Fjöldi vistmanna í íslenskum fangelsum eftir kyni.

Þrátt fyrir að konur séu almennt minnihluti fanga má áætla að hlutfall íslenskra kvenna í fangelsum sé jafnvel ívið lægra en gengur og gerist. Þannig var hlutfall kvenna í þessari rannsókn aðeins 2.6% á meðan að hlutfall kvenna í fangelsum í Bandaríkjunum var um 7% (Federal Bureau of Investigation, 2005). Þessar tölur endurspeglar almennt félagslegan veruleika kynjanna sem og félagslegan veruleika glæpa.




Mynd 3. Grundvöllur fangelsisvistar.

Aðeins um 5% þeirra sem tóku þátt í rannsókninni sátu í gæsluvarðhaldi. Þeir einstaklingar sem sitja í gæsluvarðhaldi stunda almennt ekki nám og virðast ekki hafa eða telja sig ekki hafa kost á því að stunda nám á meðan á gæsluvarðhaldi stendur.



Mynd 4. Lengd fangelsisdóma.


Aðeins um 4 % þátttakenda afplánuðu minna en þriggja mánaða dóm sem sýnir að flestir þeirra sem tóku þátt í rannsókninni eiga enn nokkurn tíma eftir í fangelsi. Þrátt fyrir að hugsanlega hafi einhverjir misskilið spurninguna sýna niðurstöðurnar að megnið af þeim föngum sem sitja í íslenskum fangelsum hafa á bakinu tiltölulega langa dóma og ættu því að geta gefið sér tíma í að huga að námi ef þeir hafa kost á því.



Mynd 5. Ríkisfang vistmanna í íslenskum fangelsum.


Megnið af þeim sem tóku þátt í rannsókninni (89%) eru íslenskir ríkisborgarar. Þó lýsir þetta hlutfall ekki nákvæmlega dreifingu ríkisfangs meðal allra fanga þar sem nokkrir einstaklingar

voru ekki færir til að svara könnuninni sökum tungumálaörðuleika þar sem þeir skyldu hvorki íslensku né ensku.




Mynd 6. Dreifing vistmanna eftir uppeldisstað.

Almennt virðast þátttakendur hafa alist upp á Íslandi sem bendir til þess að um fáa innflytjendur sé að ræða. Samkvæmt könnuninni virðast innflytjendur ekki vera stór hluti þeirra sem afplána á Íslandi. Þó er rétt að hafa þann varnagla á þessum niðurstöðum að ákveðið hlutfall vistmanna af erlendu bergi brotnir gátu ekki tekið þátt í rannsókninni vegna tungumálaörðuleika.




Mynd 7. Dreifing vistmanna í íslenskum fangelsum eftir fæðingarlandi foreldra.

Niðurstöðurnar á mynd 7 styrkja þá ályktun sem dregin hefur verið um bakgrunn erlendra vistmanna. Þá virðast þeir Íslendingar sem sitja í fangelsum ekki hafa fjölbreyttan bakgrunn þar sem þeir koma yfirleitt alltaf úr íslenskum fjölskyldum í báða liði.




Mynd 8. Námsbakgrunnur vistmanna í íslenskum fangelsum.

Eins og fram kemur á mynd 8, hafa alls 12 fangar ekki lokið neinu námi og 16 til viðbótar ekki lokið grunnskólaprófi eða meira en þriðjungur allra (28 af 77). Stór hluti fanga eða rúmur helmingur (42 af 77) hafa því aðeins stundað nám fram í lok grunnskóla eða gagnfræðaskóla. Átta sögðust hafa framhaldsskólamenntun að baki án þess að ljúka námi. Tíu sögðust hafa lokið sérnámi. Átta sögðust hafa lokið verknámi eða fullu starfsnámi og einn lokið stúdentsprófi. Sjö sögðust hafa lokið háskólanámi og einn tekið stök námskeið á háskólastigi. Brottfallið virðist vera mjög mikið milli grunnskólastigsins og framhaldsskólastigsins og því mikilvægt að huga sérstaklega að námi á framhaldsskólastigi. Þegar bakgrunnur vistmanna er skoðaður eftir menntun kemur í ljós að stærstur hluti fanga myndi sækja nám á framhaldsskólastigi.




Mynd 9. Upphaf framhaldsskólanáms.

Þegar upphaf framhaldsskólanáms er skoðað kemur í ljós að aðeins einn einstaklingur af 35 hóf nám fyrir 1976. Tæplega 50% einstaklinga hófu nám milli 1976 og 1994 sem og eftir 1994. Þessar niðurstöður þurfa ekki að koma á óvart ef aldursdreifingin í úrtakinu er skoðuð þar sem um 80% vistmanna eru fæddir eftir 1970.




Mynd 10 A. Námsbraut sem vistmenn höfðu stundað í framhaldsskóla.




Mynd 10 B. Námsbraut sem vistmenn höfðu stundað í framhaldsskóla.

Sé val vistmanna á námsbrautum í framhaldsskólum skoðað kemur í ljós að 32% völdu almenna námsbraut, 26% völdu starfsnámsbraut, 11% völdu viðskiptabraut og 31% völdu bóknámsbraut.




Mynd 11 A. Fjöldi eininga sem lokið hefur verið á framhaldsskólastigi.




Mynd 11 B. Fjöldi eininga sem lokið hefur verið á framhaldsskólastigi.

Meirihluti fanga sem hefur stundað framhaldsnám er óviss um einingafjölda sinn sem bendir til að stór hluti fanga sé ekki með námsbakgrunn sinn alveg á hreinu. Þó er athyglisvert að þeir sem falla úr námi gefast oft upp við rásmark eða endalínu námsins. Tæplega 15% þeirra sem töldu sig vita fjölda lokinna eininga voru þannig búnir að ljúka á bilinu 100-120 einingum á sama tíma og rúmlega 19% höfðu lokið 0-20 einingum. Athygli vekur hversu stórt hlutfall vistmanna virðist vera óviss um fjölda lokinna eininga. Einnig vekur athygli að vistmenn virðast oft gefast upp í upphafi eða við lok námsins.




Mynd 12. Fjöldi vistmanna sem stundar nám á meðan á fangavist stendur.

Um 64% vistmanna sem svöruðu þessum liðstunduðu ekki nám í fangelsinu þá daga sem könnunin stóð yfir. Það þýðir m.ö.o. að 36% þeirra vistmanna sem þátt tóku stunduðu nám á þeim tíma sem rannsóknin var lögð fyrir. Sé námið sundurgreint kemur í ljós að tæplega 56% þeirra sögðust stunda nám á framhaldsskólastigi og 11% voru í undirbúningsnámi að stúdentsprófi. Þrír þátttakendur stunduðu nám á háskólastigi og fjórir stunduðu nám í grafískri hönnun, tölvufræði og húsasmíði.




Mynd 13 a. Námsbraut sem vistmenn hafa valið í framhaldsskóla.




Mynd 13 b. Námsbraut sem vistmenn hafa valið í framhaldsskóla.

Almennt virðast vistmenn velja sér fjölbreyttar námsleiðir. Þó er rétt að benda á að séu félagsfræðibraut, almenn braut og húsasmíðibraut teknar saman má sjá að 50% nemenda stundaði nám á þessum brautum.




Mynd 14. Ástæður þess að nám er ekki stundað í fangelsinu.

Eins og sjá má á mynd 14 eru ástæður þess að vistmenn stunda ekki nám í fangelsinu mjög margar og fjölbreyttar. Athyglisvert er að af þeim 44 föngum sem ekki stunda nám í fangelsinu telja 17 (39%) að skortur á upplýsingum sé stærsta hindrunin að námi og 12 (27%) telja að lélegar námsaðstæður helstu ástæðu þess að þeir stundi ekki nám í fangelsinu. Sé raunin sú að skortur á upplýsingaflæði og lélegar námsaðstæður komi í veg fyrir að vistmenn stundi nám er hér um vandamál að ræða sem ætti að vera hægt að leysa. Bæta námsaðstæður vistmanna og auka upplýsingaflæði á þann hátt að upplýsingum um námsval og námsleiðir sé komið til fanga á skipulagðan hátt ætti að geta ýtt undir að fleiri stund nám í fangelsi.




Mynd 15. Löngun til að hefja tiltekið nám.

Athyglisvert er að aðeins 13 einstaklingar af þeim sem tóku afstöðu til þessarar spurningar töldu sig ekki hafa áhuga á að stunda nám innan veggja fangelsisins. Sé mynd 12 að ofan skoðuð má sjá að tæplega 56% þeirra sem stunduðu nám, voru í námi á framhaldsskólastigi. Niðurstöðurnar hér að ofan styðja þá ályktun að mikilvægt sé að leggja sérstaka áherslu á nám á framhaldsskólastigi þar sem 22 af þeim einstaklingum sem tóku afstöðu höfðu löngun til að hefja nám í framhaldsskóla og margir þeirra virðast hafa hug á iðnnámi. Þó er rétt að athuga að margar aðrar greinar eru nefndar og því mikilvægt að reyna að miðla upplýsingum um sem flestar námsleiðir til að mæta ólíkum námsþörfum.




Mynd 16. Löngun til að velja tiltekna námsbraut.

Séu niðurstöðurnar á mynd 16 bornar saman við niðurstöður á mynd 15 mætti álykta að um ákveðið ósamræmi væri að ræða. Þannig velja 37 einstaklingar tiltekna námsbraut í framhaldsskóla meðan að í spurningu 15 eru aðeins 22 einstaklingar sem hafa hug á að hefja nám í framhaldsskóla. Þó er rétt að hafa í huga að í spurningu 15 er greint á milli framhaldsskólamenntunar, iðnnámssamnings og grunnskólanáms sem getur allt fallið innan framhaldsskólastigsins og skýrir það væntanlega þetta ósamræmi. Þannig er iðnnám kennt innan framhaldsskólastigsins og u-áfangar eða 0-áfangar, sem eru upprifjunar áfangar úr grunnskóla, falla einnig innan framhaldsskólastigsins.




Mynd 17 A. Mat á tölvukunnáttu fanga.




Mynd 17 B. Mat á tölvukunnáttu fanga.

Athyglisvert er að niðurstöðurnar mynda píramída. Þannig töldu um 9% tölvukunnáttu sína vera afar slæma, tæplega 22% slæma, tæplega 31% miðlungs, tæplega 25% góða og um 13% töldu tölvukunnáttu sína vera mjög góða. Erfitt er að túlka merkingu niðurstaðnanna þar sem sambærileg gögn úr þýði eru ekki til staðar til samanburðar. Þó virðist vera til staðar ákveðinn hópur (31%) sem metur tölvukunnáttu sína sem slæma eða afar slæma og má ætla að þeir eigi erfitt um vik þegar kemur að bóklegu námi þar sem hluti af náminu krefst ákveðinnar tölvuþekkingar. Hugsanlega er hægt að bjóða þessum hópi upp á grunnnámskeið í tölvufræði

(word, excel o.fl.) áður en farið er af stað í námið. Rétt er að taka fram að mjög góð svörun var í þessum lið eða tæplega 99%.




Mynd 18 A. Mat á lestrar- og skriftarkunnáttu fanga.




Mynd 18 B. Mat á lestrar- og skriftarkunnáttu fanga.

Meirihluti þátttakenda (70%) taldi sig ekki eiga í erfiðleikum með lestur og skrift. Þó er til staðar hópur eða tæpur þriðjungur (30%) sem telur sig í erfiðleikum með þessa grunnþætti

bóklegs náms. Mikilvægt er að leita úrræða til að veita þessum einstaklingum stuðning svo þeir flosni ekki upp úr námi.




Mynd 19 A. Mat á stærðfræðikunnáttu fanga.




Mynd 19 B. Mat á stærðfræðikunnáttu fanga.

Mun fleiri vistmenn (53%) eiga í erfiðleikum með stærðfræði en lestur og skrift. Það hlýtur því að vera brýnt að leita úrræða til að veita þessum einstaklingum stuðning til að auðvelda þeim námið. Einnig væri jákvætt ef hægt væri að benda þeim einstaklingum sem ekki treysta sér í nám vegna námserfiðleika á að fangelsin bjóði upp á úrræði og aðstoð við þá einstaklinga sem eiga við erfiðleika af þessu tagi að stríða. Rétt er að taka fram að mjög góð svörun var í þessum lið eða um 99%.




Mynd 20. Hafa erfiðleikar við lestur, skrift eða stærðfræði einhvertíma verið rannsakaðir.

Tæplega þriðjungur eða 29% þeirra sem eiga við námserfiðleika að stríða sagðist hafa gengist undir rannsókn vegna erfiðleika sinna. Hér virðist vera um frekar lágt hlutfall að ræða. Viðeigandi greining fyrir þá sem enga hlotið gæti e.t.v. greitt leiðina að námi fyrir þá sem eiga við námserfiðleika að stríða og fengið í kjölfarið viðeigandi úrræði við vanda sínum.




Mynd 21. Hefur þú hlotið hjálp vegna erfiðleika í námi.

Niðurstöðurnar sýna að þeir sem eiga við námsörðugleika að stríða og hafa gengið í gegnum viðeigandi rannsókn hafa fengið hjálp vegna erfiðleika sinna. Það virðist því vera sem svo að vandinn sé ekki aðeins greindur heldur að úrræðum hafi oftast verið beitt til að fást við vandann. Niðurstöðurnar úr þessum lið sýna að oftast (83%) er vandinn ekki aðeins greindur heldur úrræðum einnig beitt til að fást við vandann.




Mynd 22 a. Mat á lestrar og skriftarkunnáttu.




Mynd 22 b. Mat á lestrar og skriftarkunnáttu.

Athyglisvert er að bera saman niðurstöður á mynd 18 við niðurstöður á myndinni að ofan. Í spurningu 18 er spurt “áttu erfitt með að lesa og skrifa” sem mælir mjög svipaðan þátt og spurningin að ofan “hvernig telur þú lestrar- og skriftarkunnáttu þína vera”. Samt sem áður eru niðurstöðurnar ekki alveg í samræmi. Alls 30% þátttakenda töldu sig eiga í erfiðleikum með að lesa og skrifa en aðeins um 10% töldu skriftar- og lestrarkunnáttu sína vera slæma eða mjög slæma. Spurningar eru þó ekki nákvæmlega eins orðaðar og því ekki að undra að niðurstöðurnar séu ekki alveg þær sömu.




Mynd 23 a. Mat á stærðfræðikunnáttu.



Mynd 23 b. Mat á stærðfræðikunnáttu.

Hægt er að bera saman niðurstöður á myndinni að ofan við niðurstöður spurningar 19 líkt og gert var við spurningar 18 og 22. Ljóst er að líkt og með lestur og skrift er upplifun vistmanna á kunnáttu sinni jákvæðari en upplifun þeirra á erfiðleikum. Þannig eru um 53% sem telja sig eiga í erfiðleikum með stærðfræði á meðan að aðeins 36% telja kunnáttu sína slæma eða afar slæma.


Hversu ríkar eru þessar ástæður fyrir náminu sem þú ert að stunda núna



Mynd 24 a. Hversu ríkar eru þessar ástæður fyrir náminu sem þú ert núna að stunda ?

1. Þegar fangar voru spurðir um ástæður þess að þeir stunduðu nám töldu 45% að námið hefði mikla þýðingu þar sem það auðveldaði þeim að fá vinnu þegar út fyrir fangelsisveggina er komið. Um helmingur þeirra fanga sem stundar nám virðist líta á að námið auki atvinnumöguleika þeirra er vistinni lýkur. Rannsóknir sýna að þeir sem eru atvinnulausir eru líklegri til að stunda afbrot (Edmark, 2005). Námið ætti því að geta skilað sér sem samfélagsleg vörn með því að undirbúa vistmenn betur undir að taka þátt í atvinnulífínu (liður 1).
2. Niðurstöðurnar úr lið 2 sýna að meirihluti (85%) þeirra vistmanna sem kosið hafa að stunda nám innan veggja fangelsisins telja það hafa mikla þýðingu fyrir sig að nýta tímann skynsamlega. Þetta viðhorf virðist hafa einhvern samhljóm meðal þeirra fanga sem ekki hafa kost á að stunda nám og þeirra sem stunda nám (liður 2).
3. Um 40% vistmanna töldu svölun námsáhuga hafa mikla þýðingu í námsvali sínu meðan 45% töldu svölun námsáhuga hafa litla þýðingu og 10% vistmanna töldu það hafa enga þýðingu (liður 3).
4. Liður 4 sýnir að meira en helmingur vistmanna telur að afplánun sé léttbærari með því að stunda nám meðan á afplánun stendur. Aðeins 10% vistmanna töldu það ekki hafa neina þýðingu fyrir sig að auðvelda vistina sem bendir til að fangar sækist í námið til


- að hafa meira fyrir stafni innan veggja fangelsisins og þar með að gera vistina auðveldari (liður 4).
5. Meira en helmingur fanga lýtur á nám innan fangelsisins sem undirbúning að áframhaldandi námi (liður 5)
 6. Einungis 20% svarenda töldu mikilvæga ástæðu fyrir námsvali sínu vera þá að eiga vini sem stunda nám innan fangelsisins. Félagsskapur virðist því ekki vera mjög stór ástæða fyrir námsvali. Ef niðurstöður úr þessum lið eru bornar saman við lið 2 á mynd 24 b kemur í ljós að niðurstöðurnar er nákvæmlega eins sem bendir til þess að félagsskapur við aðra nemendur sé ekki helsta ástæða þess að haldið er áfram í námi þegar í námið er komið (liður 6).
 7. Mjög skiptar skoðanir virðast vera á mikilvægi þess að öðlast meiri sjálfstrú með námi. Alls töldu 40% aukna sjálfstrú hafa mikla þýðingu fyrir sig meðan 20% töldu aukna sjálfstrú hafa litla þýðingu og 40% enga þýðingu. Athyglisvert er hversu jöfn dreifing er í skoðunum vistmanna á mikilvægi þess að öðlast meiri sjálfstrú með námi. Þó situr eftir að um helmingur vistmanna telur að það að stunda nám auki trú þeirra á sjálfa sig sem ætti að veita þeim meiri möguleika á að koma undir sig fótum þegar út í samfélagið er komið. Þrátt fyrir að niðurstöður Aðalheiðar Drafnar Eggertsdóttur (2006) sýni að allir þeir fangar sem tóku þátt í rannsókn hennar töldu sig hafa öðlast meira sjálfstraust með námi þurfa niðurstöðurnar ekki endilega að vera í ósamræmi. Í rannsókn Aðalheiðar er stuðst við snjóboltaúrtak og því kann að vera að auðveldast hafi verið að ná í þá sem höfðu áhuga á viðfangsefninu. Einnig er rétt að benda á tímaþáttinn þar sem rannsókn Aðalheiðar miðaðist við fanga sem höfðu lokið fangavist og stunda eða hafa lokið námi utan veggja fangelsisins og voru búnir að koma sér fyrir í samfélaginu.
 8. Aðeins 5% fanga telja mikilbægt að stunda nám til að eiga auðveldara með að fá vinnu innan fangelsisins. Það virðist því ekki vera mikilbægt að mati vistmanna að stunda nám til að fá betri vinnu innan fangelsisins sjálfs (liður 8).



Mynd 24 b. Hversu ríkar eru þessar ástæður fyrir náminu sem þú ert núna að stunda?

- Um 35% vistmanna töldu hvatningu hafa mikla þýðingu í námsvali sínu á meðan 35% töldu hvatningu hafa litla þýðingu. Alls töldu því 30% vistmanna hvatningu hafa enga þýðingu. Hvatning virðist hafa einhver áhrif á námsval þar sem aðeins 30% fanga töldu hvatningu ekki hafa nein áhrif á námsval sitt. Áhugavert í framhaldi væri að skoða hvaðan hvatningin kemur, hvort hún komi frá opinberum aðilum eða nánasta umhverfi vistmanna (liður 1).
- Einungis 11% svarenda töldu félagsskap við aðra nemendur vera mikilvæga ástæðu fyrir námsvali sínu (liður 2). Félagsskapur virðist því ekki vera mjög stór ástæða fyrir námsvali. Ef niðurstöður úr þessum lið eru bornar saman við lið 6 á mynd 24 a má sjá að þær er mjög svipaðar sem bendir til þess að félagsskapur við aðra nemendur virðist ekki vera helsta ástæða þess að menn haldi áfram í námi þegar í námið er komið (liður 2).
- Aðeins 20% nemenda telja mikilvæga ástæðu fyrir námsvali sínu vera aukið frelsi að deginum. Þannig virðast nemendur almennt ekki telja að þeir séu að kaupa sér frelsi með námsvali. Áhugavert væri að kanna hvort nemendur hefðu í öllum tilvikum samanburð þ.e.a.s. hefðu unnið og þá geta borið saman ólíka reynslu af því að vinna og vera í námi (liður 3).

4. Aðeins 30% nemenda töldu námið mikilvægt til þess að hjálpa þeim að koma í veg fyrir að þeir fremji afbrot þegar út fyrir fangelsisveggina er komið. Þó þurfa niðurstöðurnar ekki að þýða að vistmönnum finnist nám ekki mikilvægt til að forða sér frá afbrotum. Þeir geta verið staðráðnir í að fremja ekki afbrot þegar út fyrir fangelsið er komið og að menntun skipti ekki neinu höfuðmáli í því samhengi (liður 4).
5. Um 40% vistmanna töldu próftöku og möguleika á bættum einkunnum hafa mikla þýðingu í námsvali sínu á meðan 30% töldu próftöku og möguleika á bættum einkunnum hafa litla þýðingu. Alls 30% vistmanna töldu próftöku og möguleika á bættum einkunnum ekki hafa neina þýðingu (liður 5).
6. Að tileinka sér faglega þekkingu virðist vera mikilvæg ástæða þess að nám er valið innan fangelsisins. Alls um 70% vistmanna töldu aukna faglega þekkingu hafa mikla þýðingu í námsvali sínu á meðan 20% töldu faglega þekkingu hafa litla þýðingu. Aðeins 10% vistmanna töldu faglega þekkingu ekki hafa neina þýðingu í námsvali. Sé spurningin að ofan skoðuð með hliðsjón af lið 5 má sjá að vistmenn virðast leggja meiri áherslu á öflun faglegrar þekkingar en próftöku og einkunnir sem bendir til þess að fangar líti ekki eingöngu á afrakstur námsins sem takmark í sjálfu sér (liður 6).
7. Mikilvægt er að leitast við að nýta afplánunina sem best til að búa eins vel að framtíðinni og nokkur kostur er. Menntunarúrræði eru mikilvæg í því samhengi til að búa í haginn fyrir losun. Alls töldu 55% fanga það að ná tókum á tilverunni vera mikilvæga ástæðu fyrir því að nám sé stundað og 80% fanga telja að það skipti einhverju máli. Fangar virðast því telja að ástundun náms móti sterkari grundvöll fyrir lífið (liður 7).




Mynd 25 a. Hvernig finnst þér menntunin í fangelsinu?

1. Mat vistmanna á kennslunni innan fangelsisins sýnir að 60% vistmanna eru ánægð með kennsluna innan fangelsisins. Þrátt fyrir að meirihluti fanga sé ánægður með kennsluna eru um 25% vistmanna óánægðir. Í framhaldi væri áhugavert að athuga í hverju óánægjan er fólgin og hvort ekki sé hægt að bæta kennsluna með einum eða öðrum hætti (liður 1).
2. Fæstir fanganna virðast telja kröfurnar í náminu vera of miklar. Aðeins 10% vistmanna voru nokkuð sammála og enginn var alveg sammála þessari fullyrðingu (liður 2).
3. Þegar niðurstöður varðandi menntunarmöguleika innan fangelsisins eru skoðaðar kemur í ljós að nokkuð jöfn dreifing er á öllum liðum. Vismenn virðast almennt ekki vera einhuga um hversu góða menntunarmöguleika fangelsið hefur að bjóða (liður 3)
4. Liður 4 sýnir að mikill meirihluti fanga (90%) virðist telja vinnuálagið í námi innan fangelsisins hæfilegt og því ekki of mikið eða of lítið. Alls um 10% fanga eru alveg ósammála því að vinnuálag í námi innan fangelsisins sé hæfilegt. Enginn segist nokkuð ósammála, 30% eru óvissir, 50% eru nokkuð sammála og 10% eru alveg sammála því að vinnuálag innan fangelsisins sé hæfilegt (liður 4)
5. Þrátt fyrir að mikill meirihluti vistmanna (80%) sé ekki ósáttur við vinnuálagið í náminu telja 20% þeirra að kröfurnar sem gerðar séu í náminu innan fangelsisins séu of litlar. Þá er athyglisvert hversu stór hluti fanga er óviss í þessum lið sem gæti bent

til þess að fangar hafi ekki íhugað kröfustigið í náminu og eigi erfitt með að átta sig á því hvort kröfurnar séu miklar eða litlar þar sem samanburð skorti (liður 5)

6. Líkt og í lið 2 þar sem spurt er um mat vistmanna á þeim kröfum sem gerðar eru í náminu sýnir myndin að ofan að vistmenn virðast oft óvissir þegar spurt er um hvort sumar námsgreinar séu of erfiðar. Um 60% vistmanna sögðust óvissir þegar koma að þessum lið og 30% voru nokkuð eða alveg sammála. Þar af leiðandi voru aðeins 10% vistmanna nokkuð eða mjög ósammála sem bendir til þess að flestir vistmenn þurfi að hafa fyrir náminu að einhverju leiti (liður 6).




Mynd 25 b. Hvernig finnst þér menntunin í fangelsinu?

1. Almennt virðast vistmenn ekki telja kennsluna vera of mikið í fyrirlestrum. Þrátt fyrir að fangar telji kennsluna ekki vera of mikið í fyrirlestrum er þeirri spurningu ósvarað hvort þeir myndu kjósa það form í auknum mæli (liður 1)
2. Mjög skiptar skoðanir eru á því meðal vistmanna hvort kennslan hæfi þeirra þörfum. Alls eru um 50% nokkuð eða alveg sammála meðan 45% eru nokkuð eða alveg ósammála. Þó virðast fangar frekar vera sáttrir við kennsluaðferðirnar en ósáttir. Um 30% fanga eru alveg sammála fullyrðingunni meðan að aðeins 11% eru alveg ósammála því að kennslan hæfi þeirra þörfum (liður 2)
3. Mikill minnihluti vistmanna sem stundar nám í fangelsinu telur að of mikið sé um hópavinnu. Aðeins um 15% fanga voru alveg sammála fullyrðingunni meðan enginn

sagðist nokkuð sammála, 45% voru óvissir, 20% nokkuð ósammála og 20% alveg ósammála (liður 3)

4. Meirihluti fanga telur að aðgengi að tölvum sé of lítið við nám innan fangelsisins. Þannig voru 70% vistmanna alveg sammála þessari fullyrðingu, 10% nokkuð sammála og 20% alveg ósammála. Athyglisvert er að menn virðast skiptast í tvo hópa eftir mati sínu á aðgengi að tölvum en þó virðast flestir sammála um að bæta mætti aðgengi að tölvum við nám (liður 4)
5. Almennt virðast nemendur ekki hafa mjög afgerandi skoðun á tölvukunnáttu kennara. Tæplega helmingur þeirra er óviss og þeir sem taka afstöðu virðast hafa skiptar skoðanir á tölvukunnáttu kennara (liður 5)
6. Minnihluti vistmanna virðist ósáttur við það nám sem þeir stunda. Aðeins 15% vistmanna voru alveg ósammála eða nokkuð ósammála því að þeir væru ánægðir með námið. Hins vegar voru 20% óvissir, 20% nokkuð sammála og 45% alveg sammála því að þeir væru ánægðir í því námi sem þeir stunduðu (liður 6)


Valda neðangreind atriði þér erfiðleikum í námi



Mynd 26. Hvaða atriði kunna að valda föngum erfiðleikum við nám meðan á námi stendur?

Þegar þau atriði sem valda erfiðleikum í námi eru skoðuð kemur í ljós að 65% fanga töldu ófullnægjandi aðgang að tölvum valda þeim erfiðleikum í námi. Alls 55% þeirra töldu ófullnægjandi aðgang að bókakosti, 40% persónulegan stærðfræðivanda og því að afplánun lyki áður en námi lýkur. Alls 35% töldu öryggisvenjurnar í fangelsinu valda þeim erfiðleikum í náminu. Um 30% töldu lestrar- og skriftarerfiðleika sem og ókyrrð í fangelsinu valda þeim erfiðleikum í námi.

Hversu vel eiga þessar staðhæfingar við um þig í núverandi námi?




Mynd 27. Aðferðir við að læra, hvatning til náms og upplifun í prófum.

1. Meirihluti fanga velur krefjandi nám með það að markmiði að afla sér þekkingar. Þannig voru 85% fanga nokkuð eða mjög sammála því að þeir velji krefjandi nám á meðan 15% fanga eru nokkuð eða alveg ósammála. Þessar niðurstöður styðja fyrri niðurstöður að ofan sem sýndu að fangar velja nám sitt ekki eingöngu út frá mögulegu hagræði heldur einnig vegna áhuga og hugsjóna (liður 1).
2. Alls telja 75% fanga sig geta náð góðum árangri í náminu og eru nokkuð sammála eða mjög sammála fullyrðingunni. Mikill minnihluti fanga (10%) hefur ekki trú á að árangur muni nást í náminu. Flestir fangar virðast því fara í námið fullir sjálfstrausts sem er mikilvægur þáttur í námsárangri þeirra (liður 2).

3. Helmingur svarenda töldu sig verða svo taugatrekkt í prófum að þeir myndu ekki það sem þeir hefðu lært. Þrátt fyrir að hér sú ekki til haldbær gögn til samanburðar virðist hér vera um nokkuð hátt hlutfall að ræða (liður 3).
4. Um 65% svarenda nokkuð sammála eða mjög sammála lið 4. Hér er um mjög jákvæða og afdráttarlausa fullyrðingu að ræða og ekki óeðlilegt að álykta sem svo að enginn geti verið ósammála fullyrðingunni. Þó segjast 10% svarenda nokkuð ósammála henni (liður 4).
5. Helmingur svarenda er nokkuð sammála eða alveg sammála því að þeim líki það sem þeir læra í náminu. Um 40% eru óvissir og 10% nokkuð ósammála. Meirihluti fanga virðist ekki vera að pína sig áfram í námi þar sem eingöngu 10% fanga virðast líka illa við það sem þeir eru að læra (liður 5).
6. Þessi liður er sambærilegur við lið 2 „Ég held að ég náí góðum árangri” og eru niðurstöðurnar einnig svipaðar. Þó er hér ekki um nákvæmlega sömu mælingu að ræða þar sem einstaklingur getur staðið sig vel án þess að ná góðum árangri. Þannig getur t.d. einstaklingur með mikla námsörðugleika staðið sig vel þrátt fyrir að árangurinn sé ekki mjög góður í samanburði við aðra. Mikill meirihluti fanga (80%) telur að þeir muni standa sig vel í náminu á meðan að aðeins 10% eru nokkuð ósammála því að þeir muni standa sig vel í námi innan fangelsisins (liður 6).
7. Liður 7 sýnir að 40% fanga eru alveg sammála því að þeir hafi góðar forsendur til að læra, 30% fanga eru nokkuð sammála. Um 20% eru óvissir, 10% nokkuð ósammála og enginn fangi alveg ósammála því að hann hafi góðar forsendur til að læra. Athyglisvert er að um er að ræða jafnan stígaða í niðurstöðunum og aðeins 10% fanga telja sig ekki hafa nægilega góðar forsendur til þess að læra (liður 7).
8. Liðurinn mælir nánast það sama og liður 3 (ég verð taugatrekktur í prófum og man ekki það sem ég hef lært) og eru niðurstöðurnar mjög sambærilegar. Niðurstöðurnar sýna að 10% fanga eru alveg sammála því að þeir fyllist kvíða þegar þeir fara í próf á meðan 45% fanga eru nokkuð sammála og 5% óvissir. Hins vegar eru 25% nokkuð ósammála og 15% alveg ósammála. Athyglisvert er að rúmlega helmingur fanga (55%) býr við prófkvíða en 45% töldu sig verða taugatrekkt og ekki muna það sem þeir höfðu lært í prófum eins og sjá má í lið 3 (liður 8).
9. Liðurinn sýnir að 45% fanga eru alveg sammála því að það sem þeir læri sé hagnýtt, á meðan 25% fanga eru nokkuð sammála, 25% óvissir, enginn nokkuð ósammála og 5% alveg ósammála (liður 9).

10. Liðurinn sýnir að 70% fanga eru alveg eða mjög sammála því að þeir hafi góða náms- og vinnuhæfileika meðan að aðeins 15% fanga telur sig ekki hafa góða náms- og vinnuhæfileika (liður 10).




Mynd 27 b. Aðferðir við að læra, hvatning til náms og upplifun í prófum.

- Liður 1 sýnir að 65% fanga finnst námið sem þeir stunda vera áhugavert. Athygli vekur að einungis 10% fanga finnst námið vera óspennandi (liður 1).
- Mikill meirihluti fanga (65%) telur líklegt að þeir muni ljúka núverandi námi. Athygli vekur að sama hlutfall (10%) og í spurningu 62 er alveg eða nokkuð sammála fullyrðingunni. Þessar niðurstöður benda til þess að fangar telji sig almennt hafa góða náms- og vinnuhæfileika og virðist trú á náms- og vinnuhæfileikum hafa jákvæð áhrif á trú á árangur í námi (liður 2).
- Meirihluti fanga (85%) virðist meta það sem svo að það skipti miklu máli að þeir hafi skilning á því sem þeir læra hverju sinni. Niðurstöðurnar eru almennt í samræmi við niðurstöður að ofan sem benda til þess að fangar meti tilgang námsins ekki eingöngu út frá próftöku og einkunnum heldur skynji mikilvægi þess að skilja efnið og þar með geta hugsanlega nýtt sér það fyrir utan kennslustofuna (liður 3).
- Hugsanir fanga um framgang sinn í prófum virðast vera nokkuð dreifðar (liður 4).
- Um 50% fanga eru nokkuð sammála eða alveg sammála fullyrðingunni og virðast því standa sig að því að vera að hugsa um eitthvað annað á meðan kennarinn talar sem

veldur því að skilaboðin komast ekki alveg til skila. Um 15% fanga eru óvissir, 20% fanga eru nokkuð ósammála og 15% fanga eru nokkuð ósammála fullyrðingunni. Niðurstöður úr þessum lið þurfa e.t.v. ekki að koma mikið á óvart sé mið er tekið af lið 10 á mynd 27c sem sýnir að 50% fanga stóðu sig oft að því að læra án þess að gera sér grein fyrir því hvað fjallað er um (liður 5).


6. Liður 6 sýnir að um 85% fanga er nokkuð sammála eða alveg sammála fullyrðingunni og virðast því leggja þó nokkuð upp úr því að skilja heildina þegar lært er. Athygli vekur að enginn fangi taldi það ekki vera mikilvægt að skilja heildina við námsundirbúning (liður 6).
7. Um 70% fanga er nokkuð sammála eða alveg sammála því að þeir stoppi og rifji upp það sem þeir eru búnir að lesa. Um 10% fanga eru alveg ósammála, 15% nokkuð ósammála og aðeins 5% fanga eru óvissir þegar kemur að þessari fullyrðingu (liður 7).
8. Liðurinn sýnir að um 50% fanga er nokkuð sammála eða alveg sammála því að þeir endurtaki oft orðin til að muna það sem þeir hafa lesið. Um 20% fanga eru óvissir, 10% nokkuð sammála og 20% alveg sammála þegar kemur að þessari fullyrðingu (liður 8).
9. Um 80% fanga reyna að beita þeirri tækni að tengja þá þekkingu sem aflað er með lestri hverju sinni við þá þekkingu sem þeir hafa fengið áður (liður 9).
- Margar spurningar að ofan snúa að námstækni. Niðurstöðurnar sýna að mörgu leiti virðast fangar gera sér grein fyrir mikilvægi þess að nýta sér námstækni. Samt sem áður má gera betur og því mikilvægt að reyna að halda námskeið í námstækni fyrir fanga nokkuð reglulega.




Mynd 27 c. Aðferðir við að læra, hvatning til náms og upplifun í prófum.

1. Líkt og margar spurningar hér að ofan mælir þessi spurning einn af grunnþáttum námstækni. Mikilvægt er að tengja saman þekkingaratriði í námi og t.d. í félagsgreinum er hægt að máta þau við daglega reynslu. Mikill meirihluti fanga sem stundar nám virðist leitast við að tengja saman upplýsingar við undirbúning fyrir próf. Um 75% töldu sig nokkuð eða mjög sammála því að þeir reyndu að tengja saman upplýsingar við prófundirbúning (liður 1).
2. Um 60 % fanga spyr sig spurninga til að kanna hvort þeir kunni örugglega það sem þeir hafa lesið (liður 2).
3. Meirihluti fanga telur sig eiga erfitt með að greina aðalatriði þegar lesið er. Alls 60% fanga voru þannig nokkuð eða alveg sammála því að þeim gengi illa að finna aðalatriðin í því sem þeir læsu meðan aðeins 20% voru nokkuð eða mjög ósammála fullyrðingunni (liður 3).
4. Líður 4 sýnir að meirihluti fanga (60%) eru alveg eða nokkuð ósammála því að þeir gefist upp eða lesi bara einföldustu kaflana þegar eitthvað er erfitt. Þó er nokkuð hátt hlutfall sem virðist gefa eftir þegar á móti blæs þar sem um 25% fanga voru nokkuð eða alveg sammála fullyrðingunni og ná því ekki að bíta á jaxlinn þegar verkefni eru erfið og krefjandi (liður 4).

5. Myndin sýnir að meirihluti fanga (80%) fanga leitast við að nota eigin orð við upprifjun mikilvægra atriða (liður 5).
6. Einn mikilvægur liður í að læra undir próf er að muna staðreyndir. Fangar almennt átta sig á mikilvægi þess þar sem 80% fanga eru nokkuð eða alveg sammála fullyrðingunni. Rétt er að hafa í huga að fangar segjast einnig almennt reyna að tengja saman upplýsingar (sjá lið 1). Að mati þeirra sjálfra virðast þeir því leitast við að beita einhverri námstækni (liður 6).
7. Liður 7 sýnir að um 65% fanga er nokkuð sammála eða alveg sammála fullyrðingunni og virðist því leggja þó nokkuð upp úr því að skrifa sínar eigin glósur. Um 10% fanga eru alveg ósammála, 20% nokkuð ósammála og aðeins 5% fanga eru óvissir (liður 7).
8. Spurningin að ofan mælir svipaðan þátt og liður 4 (Þegar eitthvað erfitt gefst ég upp eða les bara einföldustu kaflana). Niðurstöðurnar eru líka nokkuð sambærilegar þar sem niðurstöðurnar í lið 4 sýna að 60% fanga voru alveg eða nokkuð ósammála því að þeir gæfust upp eða læsu bara einföldustu kaflana þegar eitthvað væri erfitt. Hér að ofan má sjá að 60% fanga eru nokkuð sammála eða mjög sammála því að þeir haldi áfram að lesa þótt efnið sé óspennandi eða leiðinlegt (liður 8).
9. Liðurinn sýnir að um 55% fanga er nokkuð sammála eða alveg sammála því að æfi sig að endurtaka það mikilvægasta. Þó er athyglisvert að 25 fangar nota ekki þessa aðferð við prófundirbúning sem kann að þykja nokkuð hátt hlutfall (liður 9).
10. Athygli vekur að 50% fanga standa sig oft að því að læra án þess að gera sér grein fyrir því hvað fjallað er um. Um 15% fanga eru alveg ósammála, 15% nokkuð ósammála og 20% fanga eru óvissir (liður 10).



Mynd 28 a. Ástæður þess að fangar hættu í námi.



Mynd 28 b. Ástæður þess að fangar hættu í námi.

Ástæður þess að fangar hætta í námi eru fjölbreyttar og vandasamt að draga afgerandi ályktanir um ástæður þess að fangar hætta í námi. Ljóst er þó að ástæðurnar eru bæði persónulegar og háðar námsaðstæðum í fangelsinu.

3. kafli

Mikilvægi menntunar og stefnumótun stjórnsvalda

Hér að framan hefur verið greint frá niðurstöðum víðtækrar mælingar á menntun, menntunarbakgrunni og menntunaraðstæðum fanga á Íslandi. Samtals 78 einstaklingar svöruðu listanum af þeim 119 sem afplánuðu í fangelsi á þessum tíma eða um 66% heildarsvörun. Tvær konur svöruðu listanum og sex einstaklingar af erlendu bergi brotnir. Meira en þriðjungur allra þeirra sem tóku þátt í könnuninni sögðust ekki hafa lokið grunnskólaprófi. Til viðbótar höfðu alls 14 lokið grunnskóla, gagnfræðaskóla eða landsprófi. Átta sögðust hafa framhaldsskólamenntun að baki án þess að ljúka námi. Brottfallið virðist vera mjög mikið milli grunnskólastigsins og framhaldsskólastigsins og því mikilvægt að huga sérstaklega að námi á framhaldsskólastigi. Þegar bakgrunnur vistmanna er skoðaður eftir menntun kemur í ljós að stærstur hluti fanga myndi sækja nám á framhaldsskólastigi. Alls 27 eða rúmur þriðjungur þeirra sem svöruðu spurningalistanum sagðist stunda nám í fangelsinu. Alls 44 eða 62% svarenda stunduðu því ekki nám í fangelsinu meðan á könnuninni stóð. Tæpur helmingur (45%) þeirra sem voru í námi töldu nám í fangelsi hafa mikla þýðingu til að auðvelda þeim að fá vinnu þegar þeir losna. Af þeim 44 föngum sem ekki stundaði nám í fangelsi töldu 17 (39%) að skortur á upplýsingum sé stærsta hindrunin að námi og 12 (27%) töldu erfiðar námsaðstæður helstu ástæður þess að þeir stunduðu ekki nám.

Með auknu framboði á menntun og bættum menntunaraðstæðum fanga skapast fleiri möguleikar á endurhæfingu innan fangelsiskerfisins. Betrun fanga af þessu tagi skapar traustari forsendur sem getur dregið úr líkum á ítrekunartíðni einsog fram kom í upphafi skýrslunnar.

Ný fangelsislög sem samþykkt voru á Alþingi árið 2005 (Almenn hegningarlög, 2005) voru mikilvægt framfaraskref í stefnumörkun stjórnsvalda í málefnum fanga á Íslandi. Fangelsismálastofnun ríkisins hefur sömuleiðis á síðustu árum haft það að leiðarljósi að föngum sé tryggð örugg og vel skipulögð afplánun við aðstæður og umhverfi sem hvetja fanga til að takast á við vandamál sín (www.fangelsi.is). Í upphafi refsivistar er gerð áætlun um framvindu afplánunarferils sérhvers fanga sem felur m.a. í sér mat á getu til náms og námsúrræði. Rannsóknir sýna að það er hagkvæmt fyrir þjóðfélagið að draga úr líkum á endurkomu fanga í fangelsi vegna nýrra brota og áætlun af þessu tagi er mikilvægt skref í þá átt.

Ný fangelsislög og markmiðssetning Fangelsismálastofnunar lýsa eindregnum vilja stjórnvalda að auðvelda föngum að lifa lífinu án afbrota sem nýtir borgarar eftir afplánun. Rannsóknin sem hér er greint frá sýnir að menntunarstaða fanga er almennt ábótavant en jafnframt sýnir hún að mikill áhugi er meðal fanga á að nýta sér afplánunina til að stunda nám. Miklu skiptir að sá áhugi verði virkjaður með enn markvissari hætti en hingað til.

Hugleiðingar að lokum

Endurhæfing meðan á afplánun stendur felur í sér fleira en menntunarmöguleika og menntunaraðstæður heldur einnig ýmsa aðra þætti í umhverfi fanga s.s atvinnumöguleika, húsnaðismál og félagslegar og efnahagslegar aðstæður. Í framhaldi af þessari könnun væri áhugavert að skoða hvernig aðstæður fanga eru þegar fangelsisvist þeirra lýkur. Hvernig er afplánunaráætlun (e. *discharge planning*) þeirra háttað? Á einstaklingurinn í einhver hús að venda? Hvernig standa fjármálin? Á hann e.t.v. litla möguleika á að afla sér atvinnu sökum lítillar menntunar og skorts á sjálfstrausti? Væri hægt að sinna málum hans betur ef ákveðinn fagaðili (e. *discharge planning officer*) aðstoðaði hann við að skipuleggja sín mál þegar kæmi að lokum afplánunar? Hér hefur verið varpað fram örfáum spurningum sem allar miða að því að litið verði á fangelsisvist sem leið til betrunar en ekki einungis sem refsingu. Kostur á menntun er lykilatriði í stefnumótun af því tagi og ný fangelsislög frá 2005 og markmiðssetning Fangelsismálastofnunar ríkisins fela í sér skýran vilja til að efla þann þátt enn meira á næstu árum.

Íslensk fangelsi eru yfirleitt mjög lítil fyrir utan Litla-Hraun sem þó telst ekki stórt á alþjóðlegan mælikvarða. Það kann því að vera erfitt að ná fram hagræði stærðarinnar í þessum einingum. Vistmenn í fangelsinu í Kópavogi höfðu á orði að þrátt fyrir að kennslan væri mjög góð væri framboð hennar mjög takmarkað þar sem erfitt væri að fá kennara til að kenna í svo lítilli einingu. Þrátt fyrir það kann vel að vera að heilsteypt nám geti farið fram innan svo lítilla eininga ef skipulag og aðgangi að námi er komið í markvisst form. Fangelsið að Kvíabryggju gæti verið nokkurs konar fyrirmynd en þar stunda tveir fangar nám með nokkuð góðum árangri að eigin sögn. Fjarnám er ein leið sem hefur verið farin á Kvíabryggju og hefur reynst ágætlega. Þó er ekki alltaf hlaupið að því að stunda fjarnám og hentar fólki það misvel. Hægt er að fá kennara til að hafa umsjón með hverjum nemanda. Kennarinn þarf ekki að koma oft í viku heldur e.t.v. aðeins í upphafi annar og svo á fjögurra vikna fresti og myndaði þannig aðhald og stuðning. Nemandinn og kennarinn gætu verið reglulega í sambandi í

gegnum tölvupóst. Einnig byðist sá möguleiki að nemandinn tæki fleiri en einn áfanga í sömu grein á sömu önn til að mynda enn meira hagræði.

Heimildaskrá

- Aðalheiður Dröfn Eggertsdóttir. (2006). *Menntun í fangelsum: "Það eina góða þarna inni."* Lokaritgerð (MA): Háskóli Íslands.
- Almenn hegningarlög nr 49/2005. Sótt 30. apríl 2007 af <http://www.althingi.is>
- Almenn hegningarlög nr. 19/1940. Sótt 15. desember af <http://www.althingi.is>
- Anderson, D. B. Schumacker, R. E. og Anderson, S. L. (1991). *Release characteristics and parole success*. Journal of Offender Rehabilitation, 17, 133-145.
- Andrews, D. A. og Bonta, J. (1994). *The Psychology of Criminal Conduct*. Cincinnati, OH: Anderson.
- Baumer, E. Helgi Gunnlaugsson, Krístrún Kristinsdóttir og Wright, R. (2001). *Ítrekunartíðni afbrota á Íslandi: Rannsókn á afturhvarfi brotamanna til afbrotahegðunar eftir úttekt refsingar*. Reykjavík: Háskólafröðun.
- Barlow, H. (1984). *Introduction to criminology*. (3. útg.). Boston: Little Brown.
- Beccaria, C. (1771). *Traité Des Délits et des peines*. Cambridge: Amsterdam: E. Van Harrevelt.
- Boswell, G. og Wedge, P. (2002). *Imprisoned Fathers and Their Children*. London: Jessica Kingsley.
- Clemmer, D. (1958). *The prison community*. New York: Rinehart.
- Council of Europe. (1990). *Education in prison*. Strasbourg: Committee of Ministers.
- Defronzo, James. (1997). *Welfare and Homicide*. Journal of Research in Crime and Delinquency, 34, (3), 395-406.
- Durkheim, E. (1951). *Suicide* (J.A. Spaulding og G. Simpson þýddu). London: Routledge.
- Edmark, K. (2005). *Unemployment and Crime: Is There a Connection?*. Scand. J. Of Economics, 107 (2), 353-373.
- European prison rules nr. 78/1987.
- Fangelsismálastofnun ríkisins. (2007). Tekið af www.fangelsi.is þann 30. apríl 2007.
- Federal Bureau of Investigation. (2002-2005). Sótt 10. október 2006 til 20. október 2006 af <http://www.fbi.gov/ucr/>.
- Gaetz, S. og O'Grady, B. (2006). *The Missing Link: Discharge planning, Incarceration and Homelessness*. Toronto: The John Howard Society of Ontario

- Gottfredsson, M. og Hirschi, T. (1983). *Age and Explanation of Crime*. American Journal of Sociology, 89, (3), 552-584.
- Hansen, K. (2003). *Education and the Crime-Age Profile*. British Journal of Criminology, 43, 141-168.
- Jenkins, D. H. Pendry, J. og Steurer, S. J. (1995). *A post release follow-up of correctional education program completers released in 1990-1991*. Journal of Correctional Education, 46, 20-23.
- Lipton, D. Martinson, R. og Wilks, J. (1975). *The Effectiveness of Correctional Treatment*. New York: Praeger.
- Lombroso, Cesare. (1911). *The Criminal Man*. New York: Puntham.
- Martinson, R. (1974). *What works?- Questions and answers about prison reform. The Public Interest*, 35, 22-55.
- Merton, R. (1938). *Social Structure and Anomie*. American Sociological Review, 3, (5), 672-682.
- Messner, S. og Rosenfeld, R. (2001). *Crime and the American Dream*. (4. útgáfa). Belmont: Wadsworth.
- Nordic Council of Ministers. (2005). *Nordic Prison Education: A Lifelong Learning Perspective*. Copenhagen. ISBN
- Ómar H. Kristmundsson (1988). *Ítrekanir*. Verndarblaðið, 2.tbl. Reykjavík: Félagasamtökin Vernd, fangahjálp.
- Porporino, F. J. og Robinson, D. (1992). *The correctional benefits of education: A follow-up of Canadian federal offenders participating in ABE*. Journal of Correctional Education. 43, 92-98.
- Quitno, M. (2002-2005). Sótt 15. mars af <http://www.statestats.com>.
- Rowe, A. og Tittle, C. (1988). *Two Emperical Regularities (Maybe) in Search of an Explanation: Commentary on the Age/Crime Debate*. Criminology, 26, (1), 75-85.
- Reuss, A. (1999). *Prison(er) Education*. The Howard Journal, 38, (2), 113-127.
- Smith, Adam. (1776). *An Inquiry into the Causes of The Wealth of Nations*. London: W. Strahan; and T. Cadell
- Sullivan, L. E. (1990). *The prison reform movement Forlon Hope*. Boston: Twayne.
- Sutton, C. (2002). *Protecting Children from becoming Offenders: What Does the Evidence Suggest?* Leicester: De Monfort University in association with The National Children's Bureau.

Tonry, M. (1998). *Economic Condition, Work and Crime*. The Handbook of Crime and Punishment: New York: Oxford University Press.

Viðauki

Menntun í fangelsi (09.10.06-2)

Handa þér sem færð þennan spurningalista

Þessi spurningalisti er lagður fyrir alla þá sem eru orðnir 18 ára og sitja í íslenskum fangelsum. Könnunin er gerð að tilhlutan menntamálaráðuneytis og dóms- og kirkjumálaráðuneytis og hún er hluti af samnorrænni könnun. Nefnd á vegum menntamálaráðuneytis, sem vinnur að stefnumótun í menntunarmálum fanga, mun nýta sér niðurstöður úr könnuninni. Félagsvísindadeild Háskóla Íslands hefur umsjón með framkvæmd hennar. Könnunin er liður í því að staðreyna hvernig menntun þeirra er háttað sem sitja í fangelsi. Samkvæmt lögum um fullnustu refsinga skulu fangar eiga kost á að stunda nám í fangelsi. Markmiðið með könnuninni er því að fá vitneskju um hvaða menntun fangar hafa, hvaða menntun þeir hafa hug á að afla sér, hvernig kennslan í fangelsunum kemur þeim fyrir sjónir og hvernig þeir haga námi sínu.

Þér er í sjálfsveld sett hvort þú tekur þátt í könnuninni eða lætur það ógert. Hátt svarhlutfall er hins vegar mikilvægt fyrir fangana svo að réttur þeirra til menntunar fái meira vægi, og einnig til þess að skipulagning menntunarinnar bæði á meðan á fangavistinni stendur og eftir að henni lýkur, verði eins góð og kostur er.

Könnunin hefur verið tilkynnt til Persónuverndar sem rannsóknarverkefni. Þú átt **ekki** að skrifa nafnið þitt á spurningalistann. Ákveðið númer er skrifað utan á umslag með öllum svörum úr þínu fangelsi. Þeir sem vinna úr spurningalistunum eru bundnir þagnarheiti og farið er með allar upplýsingar sem trúnaðarmál. Gerðar verða skýrslur á grundvelli svaranna og hugsanlega skrifaðar greinar. Ekki verður hægt að þekkja neinn út frá því sem verður skrifað.

Flestar spurningarnar eru þannig útbúnar að þú átt að krossa við reitinn eða reitina sem þér finnst eiga best við. Við nokkrar spurningar áttu að skrifa í línu aftan við spurninguna.

Kærar þakkir fyrir að svara þessum spurningum

Með kveðju

Ásgerður Ólafsdóttir, menntamálaráðuneyti,
formaður nefndar um menntunarmál fanga

Settu kross þar sem við á.

1. Fæðingarárið þitt:
2. Kyn:
Karl ☐ Kona ☐
3. Á hvaða grundvelli ert þú í fangelsi?
Samkvæmt dómi ☐
Gæsluvarðhald..... ☐
4. Hversu langan dóm/dóma afplánar þú?
Minna en 3 mánuðir ☐
3 -12 mánuðir ☐
Á bilinu 1 – 5 ár ☐
5 ár eða meira ☐
5. Í hvaða landi ert þú ríkisborgari?
Skrifaðu nafnið á landinu
6. Í hvaða landi eyddir þú flestum æsku – og unglingsárum þínum?
Skrifaðu nafnið á landinu
7. Hvert er fæðingarland foreldra þinna?
Skrifaðu nafnið á landinu/löndunum
.....

8. Hefur þú **lokið** einhverju námi sem er á lista hér að neðan? Settu kross í reitinn/reitina sem við á/eiga. (Settu kross jafnvel þótt þú hafir ekki staðist próf.)

Nei ég hef ekki lokið neinu námi ☐

Grunnskóli, var í 10. bekk en lauk ekki prófum...☐

Grunnskóli, lauk 10. bekk..... ☐

Gagnfræðapróf ☐

Landspróf ☐

Framhaldsskóli, 1 ár ☐

Framhaldsskóli, 2 ár..... ☐

Framhaldsskóli, 3 ár..... ☐

Framhaldsskóli, 4 ár..... ☐

Stúdentspróf ☐

Verknám ☐

Fullt starfsnám ☐

Lýðháskóli ☐

Stök námskeið á háskólastigi..... ☐

Lokapróf frá háskóla ☐

Lokið annarri menntun..... ☐

Hver er sú menntun ?

9. Ef þú hefur í spurningu 8 svarað að þú hafir verið í framhaldsskóla: Hvenær hófst þú það nám ?

Fyrir 1976 ☐ Milli 1976 og 1994 ☐ 1994 eða síðar ☐

10. Ef þú hefur í spurningu 8 svarað að þú hafir verið í framhaldsskóla: Hvaða námsbraut varst þú á?

bóknámsbraut ☐

starfsnámsbraut ☐

viðskiptabraut ☐

almenn námsbraut ☐

11. Ef þú hefur í spurningu 8 svarað að þú hafir verið í framhaldsskóla en ekki lokið námi, hvað laukst þú mörgum einingum og hverjar eru þær?

-
12. Stundar þú núna á *meðan þú situr í fangelsi* eitthvert af því námi sem er nefnt hér að neðan? Krossaðu í reitina eftir því sem við á.

Nei, ég stunda ekki nám..... ☐

Grunnskóla ☐

Framhaldsskóla. ☐

Undirbúning að stúdentsprófi ☐

Ég er á námssamningi ☐

Stunda eitt námskeið á háskólastigi ☐

Menntun til námsgráðu á háskólastigi ☐

Aðra menntun ☐

Hvaða aðra menntun:

13. Ef þú hefur í spurningu 12 krossað við reit varðandi nám á framhaldsskólastigi:
Á hvaða námsbraut ert þú ?
-

14. Ef þú hefur svarað **nei** við spurningu 12, hver er ástæða þess að þú stundar ekki nám í fangelsinu? Krossaðu við í viðeigandi reit. Hér má merkja við í fleiri en einn reit ef við á.

Fangelsið hefur ekki neitt menntunartilboð..... ☐

Fangelsið hefur ekki menntunartilboð við mitt hæfi ☐

Ég fæ ekki upplýsingar um menntun sem býðst ☐

Skóla- og námsaðstæður í fangelsinu eru lélegar ☐

Ég hef ekki áhuga á námi í fangelsinu ☐

Ég hef nógu góða menntun fyrir ☐

Ég ber ekki nóg úr bótum fyrir það sem ég legg á mig ☐

Mér finnst ég eiga við of mikla námsörðugleika að glíma ☐

Aðrar aðstæður..... ☐

Ef svo er, skrifaðu þá hverjar þær eru

15. Langar þig til að hefja eitthvert nám sem er tilgreint hér fyrir neðan? Krossaðu þá í viðeigandi reiti.

Nei, mig langar ekki að stunda nám ☐

Grunnskóli ☐

Nám í framhaldsskóla.. ☐

Viðbót við stúdentspróf ☐

Iðnnámssamningur ☐

Stakt námskeið á háskólastigi ☐

Nám til lokaprófs á háskólastigi ☐

Önnur menntun ☐

Hvaða aðra menntun er um að ræða?

16. Hafir þú svarað í spurningu 15 að þú viljir byrja á framhaldsskólanámi: Hvaða braut vilt þú velja?

-
17. Hvernig telur þú tölvukunnáttu þína vera?

Afar slæma ☐ Slæma ☐ Miðlungs ☐ Góða ☐ Mjög góða ☐

18. Átt þú erfitt með að lesa eða skrifa ?

Nei ☐ Dálítið erfitt ☐ Mjög erfitt ☐

19. Átt þú erfitt með stærðfræði ?

Nei ☐ Dálítið erfitt ☐ Mjög erfitt ☐

20. Ef þú hefur krossað í spurningum 18 eða 19 við reitina „dálítið erfitt“ eða „mjög erfitt“, hafa þessir erfiðleikar einhvern tíma verið rannsakaðir ?

.....

21. Ef þú hefur krossað í spurningum 18 eða 19 við reitina „dálítið erfitt“ eða „mjög erfitt“, hefur þú einhvern tíma fengið hjálp vegna erfiðleika þinna?

.....

22. Hvernig telur þú lestrar- og skriftarkunnáttu þína vera ?

Afar slæma ☐ Slæma ☐ Miðlungs ☐ Góða ☐ Mjög góða ☐

23. Hvernig metur þú stærðfræðikunnáttu þína ?

Afar slæma ☐ Slæma ☐ Miðlungs ☐ Góða ☐ Mjög góða ☐

Spurningum 24, 25, 26 og 27 eiga þeir einir að svara, sem eru í skóla eða stunda nám í fangelsinu.

24. Hér að neðan eru nokkrir svarmöguleikar um ástæður þess að þú byrjaðir nám í afplánun í fangelsinu. Hversu ríkar eru þessar ástæður fyrir náminu sem *þú ert núna að stunda* ? Settu einn kross í hverri línu.

	Hefur mikla þýðingu	Hefur litla þýðingu	Hefur enga þýðingu
Ég fæ auðveldar vinnu eftir að ég losna	☐	☐	☐
Til þess að nýta tímann skynsamlega	☐	☐	☐
Til þess að svara námsþorsta mínum	☐	☐	☐
Til þess að afplánunin verði léttbærari	☐	☐	☐
Til þess að undirbúa áframhaldandi nám			
að lokinni afplánun	☐	☐	☐
Ég á vini sem stunduðu nám	☐	☐	☐
Til að öðlast meiri sjálfstrú	☐	☐	☐
Þá verður léttara að fá vinnu í fangelsinu	☐	☐	☐
Af því að ég fékk hvatningu til þess	☐	☐	☐
Vegna félagsskapar við aðra nemendur	☐	☐	☐
Til að verða frjásari að deginum	☐	☐	☐
Þá frem ég síður afbrot eftir að ég losna	☐	☐	☐
Til að taka próf/bæta einkunnir	☐	☐	☐
Til þess að tileinka mér meiri faglega þekkingu	☐	☐	☐
Til þess að ná betri tökum á tilverunni eftir			
afplánun	☐	☐	☐

25. Hvernig finnst þér menntunin í fangelsinu ? Settu einn kross í hverja línu.

5=alveg sammála 4=nokkuð sammála 3=óviss 2=nokkuð ósammála 1=alveg ósammála

	5	4	3	2	1
Ég er ánægð(ur) með kennsluna	☐	☐	☐	☐	☐
Kröfurnar eru of miklar	☐	☐	☐	☐	☐
Fangelsið býður upp á menntunarmöguleika	☐	☐	☐	☐	☐
Vinnuálagið er hæfilegt	☐	☐	☐	☐	☐
Of litlar kröfur eru gerðar	☐	☐	☐	☐	☐
Sumar námsgreinarnar eru of erfiðar	☐	☐	☐	☐	☐
Kennslan er of mikið í fyrirlestrum	☐	☐	☐	☐	☐
Kennslan hæfir mínum þörfum	☐	☐	☐	☐	☐
Það er of mikið um hópvinnu	☐	☐	☐	☐	☐
Aðgengi að tölvum er of lítið	☐	☐	☐	☐	☐
Tölvukunnátta kennaranna er mikil	☐	☐	☐	☐	☐
Ég er ánægð(ur) með það nám sem ég er í	☐	☐	☐	☐	☐

26. Valda neðangreind atriði erfiðleikum í náminu sem þú stundar núna í fangelsinu? Settu kross í reitinn eða reitina sem eiga við þig.

- Flutningur á meðan afplánun stendur ☐
- Afplánun lýkur áður en ég lýk náminu ☐
- Bý við lestrar- eða skriftarerfiðleika ☐
- Ókyrrð í fangelsinu ☐
- Öryggisreglurnar í fangelsinu ☐
- Stærðfræðivandi hjá mér ☐
- Ófullnægjandi aðgangur að tölvum ☐
- Ófullnægjandi aðgangur að bókakosti ☐

27. Hér á eftir eru nokkrar setningar sem lýsa ólíkum aðferðum við að læra, hvatningu til námsins, væntingum og hvernig þú upplifir próf. Hversu sammála

eða ósammála ertu því að þessar staðhæfingar eigi við þig í núverandi námi?

Settu einn kross í hverja línu.

5=alveg sammála 4=nokkuð sammála 3=óviss 2=nokkuð ósammála 1=alveg ósammála

	5	4	3	2	1
Ég kys krefjandi nám, svo að ég læri eitthvað nýtt	☐	☐	☐	☐	☐
Ég held að ég muni ná góðum árangri	☐	☐	☐	☐	☐
Ég verð svo taugatrekkt(ur) í prófum að ég man ekki það sem ég hef lært	☐	☐	☐	☐	☐
Það er mikilvægt að ég læri það sem er kennt	☐	☐	☐	☐	☐
Mér líkar það sem ég læri í þessu námi	☐	☐	☐	☐	☐
Ég reikna með að standa mig vel	☐	☐	☐	☐	☐
Ég hef góðar forsendur til að læra	☐	☐	☐	☐	☐
Ég fyllist kvíða þegar ég er í prófi	☐	☐	☐	☐	☐
Ég held að það sem ég læri sé hagnýtt fyrir mig	☐	☐	☐	☐	☐
Ég hef góða náms- og vinnuhæfileika	☐	☐	☐	☐	☐
Mér finnst það áhugavert sem ég læri í náminu	☐	☐	☐	☐	☐
Ég held að mér muni takast að ljúka náminu	☐	☐	☐	☐	☐
Miklu máli skiptir að ég skilji það sem ég læri	☐	☐	☐	☐	☐
Þegar ég er í prófi hugsa ég um hve illa gengur	☐	☐	☐	☐	☐
Þegar ég undirbý mig fyrir próf, reyni ég að tengja saman upplýsingar úr kennslunni og kennslubókunum	☐	☐	☐	☐	☐
Ég spyr mig spurninga til að kanna hvort ég kunni örugglega það sem ég hef lesið	☐	☐	☐	☐	☐
Mér gengur illa að finna aðalatriðin í því sem ég les ...	☐	☐	☐	☐	☐

5=alveg sammála 4=nokkuð sammála 3=óviss 2=nokkuð ósammála 1=alveg ósammála

5 4 3 2 1

Þegar eitthvað er erfitt gefst ég annað hvort upp eða

les bara einföldustu kaflana.....	☐	☐	☐	☐	☐
Þegar ég les einstakar námsgreinar, orða ég					
miklivæg atriði með mínum eigin orðum	☐	☐	☐	☐	☐
Þegar ég les fyrir próf, reyni ég að muna eins margar					
staðreyndir eins og ég get	☐	☐	☐	☐	☐
Ég legg mig fram um að skrifa mínar eigin glósur	☐	☐	☐	☐	☐
Þó að ég lesi eitthvað leiðinlegt og óspennandi, held					
ég áfram þangað til ég er búin(n)	☐	☐	☐	☐	☐
Þegar ég les undir próf, æfi ég mig á því að endurtaka					
það mikilvægasta oft og mörgum sinnum	☐	☐	☐	☐	☐
Ég stend mig oft að því að læra án þess að gera					
mér ljóst hvað fjallað er um	☐	☐	☐	☐	☐
Þegar kennarinn talar, er ég oft að hugsa um annað					
og heyri því ekki alveg hvað hann er að segja	☐	☐	☐	☐	☐
Þegar ég læri, reyni ég að skilja heildina.....	☐	☐	☐	☐	☐
Þegar ég les, stoppa ég stundum til þess að rifja upp					
það sem ég er búin(n) að lesa	☐	☐	☐	☐	☐
Þegar ég er að lesa, endurtek ég oft orðin					
til þess að muna það sem ég les	☐	☐	☐	☐	☐
Ég reyni að tengja það sem ég les við þá þekkingu					
sem ég hef fengið áður	☐	☐	☐	☐	☐

28. Ef þú hefur byrjað í námi í fangelsinu en hætt, hverjar eru ástæðurnar?

.....

.....

.....
.....

Kærar þakkir fyrir að svara þessum spurningum